# FRÉTTABLAÐIÐ

221. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 19. SEPTEMBER 2018




Það var fámennt í þingsal þegar Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, ræddi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga. Ef til vill hefur meginþorri þingmanna verið í kaffipásu eða á öðrum mikilvægum fundum. Þó er vert að taka fram að fjöldi annarra þingmanna tók til máls í sömu umræðu og voru fleiri þingmenn því vissulega í húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Guðmundur sakaður um „alvarleg brot“

**Samkeppniseftirlitið gerir fjórar alvarlegar athugasemdir við viðskiptahætti Guðmundar Kristjánssonar útgerðarmanns. Meðal annars að hann skuli eiga Brim og stýra HB Granda á sama tíma. Auk þess að hann hafi verið í stjórn keppinautarins Vinnslustöðvarinnar.**

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið gerir fjórar alvarlegar athugasemdir við viðskiptahætti Guðmundar Kristjánssonar, aðaleiganda Brims og HB Granda, og segir að ef frummat stofnunarinnar sé á rökum reist sé um að ræða „alvarleg brot“ á samkeppnislögum.

Fram kemur í bréfi frá Samkeppniseftirlitinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að sú staða að aðaleigandi Brims sé forstjóri HB Granda kunni að leiða til brota á samkeppnislögum. Guðmundur tók við sem forstjóri HB Granda í júní eftir kaup á kjölfestuhlut í fyrirtækinu í vor. Stofnunin rifjar upp að í Fréttablaðinu hafi komið fram að hann hafi áhuga á að auka samstarf á milli útgerðanna tveggja og að einkum sé horft til sölu- og markaðsmála í þeim efnum.

Auk þess er sagt í bréfinu að sú staða að aðaleigandi Brims sitji í stjórn Vinnslustöðvarinnar, en hann átti þriðjungshlut í fyrirtækinu þar til í gær, kunni að leiða til samkeppnisbrota. Guðmundur gekk úr stjórn Vinnslustöðvarinnar á aðalfundi félagsins í vor. Samkeppniseftirlitið segir að það sé varhugavert í samkeppnislegu tilliti að sami aðili, sem eigi allt hlutafé í einu félagi, sé á sama tíma forstjóri félags á sama markaði og stjórnarmaður í því þriðja.



**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda.**

Enn fremur telur Samkeppniseftirlitið að tilkynningarskyldur samruni kunni að hafa átt sér stað þegar Brim eignaðist hlut í HB Granda. Hann hafi ekki verið tilkynntur til eftirlitsins og virðist hafa komið þegar í stað til framkvæmda. Sömuleiðis kunni tilkynningarskyldur samruni að hafa átt sér stað sumarið 2016 þegar Brim eignaðist Ögurvík. Þau kaup hafi ekki verið tilkynnt til eftirlitsins.

Páll Gunnar Pálsson, framkvæmdastjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að málinu sé ólokið. „Í framhaldi af framkomnum sjónarmiðum er Samkeppniseftirlitið að afla frekari upplýsinga. Niðurstaða í málinu liggur því ekki fyrir.“ **– hvj / sjá Markaðinn**

## Jákvæðari gagnvart neyslu kannabisefna



**SAMFÉLAG** Unglingar í dag eru mun jákvæðari gagnvart neyslu kannabisefna en jafnaldrar þeirra voru fyrir 20 árum. Þetta sýna niðurstöður ESPAD-rannsóknar sem lögð hefur verið fyrir 15 ára ungmenni á fjögurra ára fresti allt frá árinu 1995.

Þetta kemur rannsakendum lítið á óvart en langflestar rannsóknir bendi til þess að regluleg neysla á kannabis hafi slæm áhrif á heilsu. **– sa / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Magnús Jónsson skrifar um gámastíl og græðgisvæðingu. 11

**SPORT** Mistök dómarans í leik liða um miðjan ágúst urðu til þess að liðin þurfa að mætast aftur. 12

**TÍMAMÓT** Skákkennsla efld í grunnskólum Akureyrar. 14



**LÍFIÐ** Fréttablaðið bjó til lista fyrir ríkið, vilji það halda áfram að eyða peningum í óþarfa eins og að lýsa upp hátíðarsviðið um hábjartan júlídag. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Gengur í hvassa norðanátt með rigningu norðan- og austanlands, seinnipart dags fer kólnandi þannig að þá má búast við slyddu eða snjókomu í fjöll á þessum slóðum. Útlit er fyrir þurrt veður á sunnanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 16



**Úr Hlíðarfjalli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Deilur vina og verktaka fresta lyftu

**AKUREYRI** Ekkert verður af því að ný stólalyfta rísi í Hlíðarfjalli fyrir veturinn eins og vonir stóðu til. Ekkert hefur verið verið unnið við uppsetningu stólalyftunnar frá því um miðjan júlí þar sem Vinir Hlíðarfjalls neita að greiða verktaka fyrir framkvæmdir í fjallinu.

Verktakafyrirtækið G. Hjálmarsson var fengið til að gera undirstöður fyrir nýja stólalyftu sem kom frá Noregi að undangengnu útboði. Þegar byrjað var að grafa fyrir undirstöðum varð vinnan fljótt umfangsmeiri en að var stefnt. Stöðvuðust því framkvæmdir og neituðu Vinir Hlíðarfjalls að greiða verktakafyrirtækinu reikninginn.

**363**

**milljónir króna fara í nýja skíðalyftu í Hlíðarfjalli**

Guðmundur Karl Jónsson, yfirmaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, segir ljóst að lyftan komi ekki upp fyrir veturinn og frestist þar af leiðandi um ár. „Eins og staðan er núna mun þessi lyfta bíða til næsta vetrar,“ segir Guðmundur Karl.

Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 363 milljónir króna en Vinir Hlíðarfjalls fjármagna framkvæmdina. **– sa**

## Geislavirk efni geymd bak við þykkar blýhurðir



Jáeindaskanninn hefur verið tekinn í notkun á Landspítala. Þessi mynd er tekin í hjarta framleiðslueiningar skannans þar sem unnið er með geislavirk merkiefni. Efnin gefa frá sér jáeindir sem gera læknum kleift að rýna í mein sjúklinga af mikilli nákvæmni. Efnin eru geymd bak við þykkar blýhurðir, ein slík sést hægra megin á myndinni. Geislavirku efnin eru búin til í hraðli sem er í steinsteyptum klefa neðanjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ástarsamband Berta og Árna vekur deilur

**BANDARÍKIN** Deilt er um kynhneigð Sesame Street-brúðnanna Berta og Árna (e. Bert and Ernie) í Bandaríkjunum. Í viðtali við hinsegin miðilinn Queerty um helgina sagði Mark Saltzman, áður handritshöfundur fyrir þættina, að sjónvarpspersónurnar ættu í samkynja ástarsambandi. Hafi verið byggðar á sambandi Saltzmans og þáverandi maka hans.

Sesame Workshop, félagið sem heldur utan um framleiðslu þáttanna, tjáði sig um orð Saltzmans í gær. Í tilkynningu þaðan kom fram að Berti og Árni væru bara vinir, brúður án nokkurrar kynvitundar. **– þea**



# Æ fleiri ungmenni telja kannabis ekki skaðlegt

**Sex sinnum fleiri unglingar telja nú kannabisneyslu skaðlausa en jafnaldrar þeirra fyrir 20 árum. Þetta kemur rannsakendum lítið á óvart. Langflestar rannsóknir bendi til þess að regluleg neysla á kannabis hafi slæm áhrif á heilsu.**

**SAMFÉLAG** Unglingar í dag eru mun jákvæðari gagnvart neyslu kannabisefna en jafnaldrar þeirra voru fyrir 20 árum. Þetta sýna niðurstöður ESPAD-rannsóknar sem lögð hefur verið fyrir 15 ára ungmenni á fjögurra ára fresti allt frá árinu 1995.

Árið 1995 töldu 1,9 prósent 15 ára ungmenna hér á landi enga eða litla áhættu fylgja reglulegri kannabisneyslu. Í síðustu rannsókn, sem lögð var fyrir árið 2015, hækkaði hlutfallið í 10,7 prósent. Að sama skapi töldu níu af hverjum tíu ungmennum mikla hættu stafa af reglulegum kannabisreykingum um miðjan tíunda áratuginn. Jafnaldrar þeirra nú sem telja mikla hættu af kannabisreykingum eru aðeins sjö af hverjum tíu.

Rannsókninni er stýrt af Ársæli Má Arnarssyni, prófessor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann segir normalíseringu kannabisreykinga skipta höfuðmáli þegar kemur að viðhorfi ungmenna til reykinganna. „Þetta er það sem við sjáum í amerískum sjónvarpsþáttum sem þessir krakkar eru að horfa á. Þar er þetta eðlilegur hlutur, að fólk fái sér jónu. Þau auðvitað pikka það upp. Á þessum mótunarárum eru þau að finna út hvað má og hvað má ekki og þetta stóra og mikilvæga félagslega mótunartæki sem sjónvarpsþættir og kvikmyndir eru sýna þetta í jákvæðu ljósi,“ segir Ársæll.

Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir á geðsviði Landspítala, segir óhætt að fullyrða að regluleg kannabisneysla sé afar skaðleg. „Allar vandaðar rannsóknir benda til þess að regluleg kannabisneysla unglinga hafi slæm áhrif á heilsu þeirra,“ segir Engilbert.



**Meirihluti ungmenna telur kannabisneyslu hættulega.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Mat unglinga á áhættu af reglulegri áfengisdrykkju og kannabisneyslu 1995 samanborið við 2015**

Hversu mikil áhætta er að reykja kannabis reglulega?

| | 1995 | 2015 |
|---|---|---|
| Engin | 1,1% | 6,1% |
| Lítil | 0,8% | 4,6% |
| Nokkur | 5,5% | 11,7% |
| Mikil | 89,1% | 69,8% |
| Veit ekki | 3,5% | 7,8% |

*Heimild: ESPAD – European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs



**Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir á geðsviði LSH.**

„Sér í lagi getur neyslan haft afar slæm áhrif á ungt fólk þar sem saga er um geðsjúkdóma meðal náinna ættingja.“

Ársæll segir samskipti ungmenna við foreldra skipta gríðarlega miklu máli. „Samskipti barna og foreldra á Íslandi eru mjög góð og hafa farið batnandi. Sterk tengsl eru milli jákvæðra samskipta milli foreldra og barna og minni notkunar á vímugjöfum.“ **sveinn@frettabladid.is**

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

Way of Life!




**Suzuki Baleno hefur mesta innra- og farangursrými í sínum flokki.**

Suzuki Baleno er sérlega vel hannaður og glæsilegur bíll, jafnt utan sem innan.
Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Baleno.
- láttu fara vel um þig.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki Baleno er fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir 1.2l Dualjet mótorinn enn kraftmeiri og neyslugrennri.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Vildi þyngja fiskinn en endaði með dragúldið dýrafóður

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í síðustu viku frá dómi máli fiskvinnslufyrirtækisins Tor ehf. á hendur Kötlu matvælaiðju ehf. Forsvarsmenn Tors stefndu Kötlu til greiðslu ríflega 14 milljóna króna í bætur vegna tjóns sem fiskvinnslan hefði orðið fyrir vegna „hjálparefnis“ sem keypt var hjá Kötlu árið 2014. Hjálparefni þessu, N242, var ætlað að þyngja fiskinn sem Tor hugðist selja kaupendum erlendis. Framkvæmdastjóri Tors fullyrti fyrir dómi að slíkt væri gert í samráði við kaupendur.

Fyrsta framleiðsla Tors með efninu frá Kötlu var send til Englands í nóvember 2014 en kaupandinn, Seafood Holdings, neitaði að taka við vörunni þar sem hún væri óhæf til neyslu. Kvartaði kaupandinn yfir megnri ammoníakslykt af fiskinum.

Tjónið hafi numið milljónum og Seafood Holdings dregið verulega úr viðskiptum sínum við Tor í kjölfarið. Tor taldi ljóst að efnið sem Katla seldi þeim til að þyngja fiskinn hefði verið gallað.

Forsvarsmenn Kötlu bentu á að fráleitt væri að kenna þeim um tjónið og veltu fyrir sér hvort aðrar skýringar væru á: „Stefnanda [Tor, innsk. blm.] hafi auðvitað verið vandkvæðalaust að skýra hinum erlenda viðskiptaaðila, sem hann kveðst hafa átt í viðskiptum við í um tvö ár, frá því að stefnandi hefði þarna notað hjálparefni frá öðrum birgi en áður og að eftirleiðis yrði notað sama hjálparefni og fyrr hefði verið notað, nema ef vera skyldi að stefnandi hafi haldið því leyndu fyrir hinum erlenda viðskiptaaðila að hann væri að nota slíkt hjálparefni í fiskinn og hinn erlendi aðili brugðist ókvæða við er upplýst hafi verið um það.“ **– smj**



**Hinn illþefjandi fiskur endaði að mestu í dýrafóðri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Samgöngumálin verði tekin til endurskoðunar

**SAMGÖNGUR** Aðalfundur Samtaka um bíllausan lífsstíl hvetur ríkisstjórnina til að endurskoða áherslur sínar í samgöngumálum. Þetta kemur fram í ályktun um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

„Orkuskipti eru jákvæð á sinn hátt en leysa ekki nema örlítinn hluta af þeim vandamálum sem breyttar ferðavenjur geta leyst,“ segir í ályktuninni. Eftir orkuskipti þurfi enn að leysa þau vandamál sem bílaumferð skapar. Mun skilvirkara sé að fjárfesta í samgöngumannvirkjum sem nýtist gangandi, hjólandi og almenningssamgöngum, þar sem Borgarlína gegni lykilhlutverki.

Þá hvetja samtökin ríkisstjórnina til að klára áætlun um eflingu almenningssamgangna strax á þessu ári og setja aukið fjármagn í verkefnið í byrjun næsta árs.

Í aukaályktun fagnar aðalfundurinn ákvörðun borgarstjórnar um göngugötur allt árið um kring. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Forstjóri Sjúkratrygginga kátur með niðurstöðu héraðsdóms

**Synjun Sjúkratrygginga á aðild sérgreinalæknis að rammasamningi var felld úr gildi í gær. Læknar utan samningsins þurfa að rukka sjúklinga sína um umtalsvert hærri upphæð en ella.**



**Sautján sérgreinalæknum hefur verið synjað af Sjúkratryggingum í samræmi við tilmæli ráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur felldi í gær úr gildi ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um að hafna umsókn Ölmu Gunnarsdóttur sérgreinalæknis um aðild að rammasamningi stofnunarinnar við sérgreinalækna. Sjö sambærileg mál til viðbótar bíða dóms. Forstjóri SÍ fagnar niðurstöðunni.

Langvarandi og veruleg framúrkeyrsla hefur verið á fjárlagalið samningsins. Af þeim sökum tók heilbrigðisráðherra þá ákvörðun að ekki yrðu teknir fleiri læknar inn á samninginn. Var það fyrst gert um áramótin 2016 og sú ákvörðun ítrekuð 26. apríl og 28. ágúst 2017.

Umsóknir læknanna nú voru frá því í september 2017 og var þeim synjað af SÍ með vísan til ákvörðunar ráðherra. Að mati dómsins voru fyrrgreind tilmæli „ekki í nægjanlegu samræmi við áskilnað löggjafans um faglegt mat á umsókn [læknisins]“. Þá voru þau andstæð rammasamningnum og leiddu til þess að ekki fór fram fullnægjandi mat á umsókninni. Slíkt væri brot á lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins og andstætt reglunni um skyldubundið mat stjórnvalda. Ákvörðunin var því ógilt.

„Þetta eru alls átta nákvæmlega eins mál. Það var samkomulag um að taka eitt mál út úr og flytja til að fá dóm sem yrði til leiðsagnar í öllum málunum. Alma var fremst í stafrófsröðinni,“ segir Gísli Guðni Hall, lögmaður Ölmu og hinna læknanna sjö. Hann var að vonum ánægður með niðurstöðuna.

Auk læknanna átta sem stefnt hafa ríkinu hefur níu sérgreinalæknum til viðbótar verið hafnað um aðild að samningnum. Læknarnir sautján starfa í þrettán mismunandi sérgreinum og er staða þeirra nokkuð mismunandi. Sumir eru enn búsettir erlendis og bíða þess að koma heim meðan aðrir eru hér heima. Það að fá ekki aðild að samningnum þýðir að SÍ taka ekki þátt í greiðslu sjúklinga hjá viðkomandi lækni en kostnaðarþátttaka SÍ er um 30 prósent.

„Þetta hefur í för með sér að viðkomandi læknir þarf í raun að rukka sinn sjúkling um kannski þrefalt hærra gjald en læknir sem er aðili að samningnum og þetta eru þess vegna læknar sem starfa á sömu starfsstöðinni. Misréttið er því augljóst,“ segir Gísli. „Þetta hefur grundvallarþýðingu fyrir störf og framtíðarmöguleika lækna. Læknarnir vilja bjóða upp á þjónustuna og það er sannarlega þörf fyrir hana. Málið snýst að stærstum hluta um að gera læknunum kleift að starfa við það sem þeir hafa menntað sig í, á jafnréttisgrundvelli.“

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra baðst undan viðtali um dóminn þar til hún hefur fundað með ríkislögmanni um niðurstöðuna og áhrif hans. Það verður gert í dag.

**joli@frettabladid.is**

### Vill ekki áfrýja



„Ég er ánægður með dóminn og tel hann byggja á mikilvægi þess að staðið sé við gerða samninga,“ segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri SÍ. Dómurinn snúist um réttarstöðu sjúkratryggðra, atvinnuréttindi lækna og mikilvægi þess að marka þeim umgjörð. „Er það mín tillaga að rétt sé að virða niðurstöðuna.“

RAM 3500. NÝ SENDING VAR AÐ LENDA.
ramisland.is





TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.
RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 5.960.000 ÁN VSK.
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.
RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM




**Vörður óskar Breiðabliki innilega til hamingju með sautjánda Íslandsmeistaratitilinn.**

Við erum býsna montin af því að standa vörð um bæði Bikarmeistara og Íslandsmeistara árið 2018.

**Áfram Breiðablik!**

vörður



**iPhone XS og XS Max, nýjustu símarnir frá Apple.** NORDICPHOTOS/AFP

# Aukið öryggi með iOS 12

**TÆKNI** Nýjasta stýrikerfið fyrir snjalltæki Apple, iOS 12, er komið út og hafa tæknimiðlar vestan hafs fjallað ítarlega um þær nýjungar sem finna má í stýrikerfinu. Sá eiginleiki sem hefur vakið mesta athygli er einfaldur. Kerfið er sagt auka hraða og afkastagetu snjalltækja Apple svo um munar. Þá býður stýrikerfið upp á svokallaða „Live Listen“ stillingu fyrir þráðlausu heyrnartólin AirPods sem eiga í raun að breyta heyrnartólunum í heyrnartæki.

Öryggi í stafrænum heimi hefur verið í deiglunni undanfarin misseri og eru nýir stillingarmöguleikar stýrikerfisins til þess gerðir að auka öryggi notenda. Hægt er að hafa flóknari lykilorð en í eldri stýrikerfum og krefjast SMS-skilaboða fyrir innskráningar. Sé eigandi símans að nota sama lykilorð fyrir marga aðganga minnir stýrikerfið notandann á að það sé óöruggt og ráðleggur eigandanum að breyta lykilorði sínu. **– þea**









**Fundur í borgarstjórn Reykjavíkur í gær þar sem tillaga um framgang Borgarlínu var samþykkt.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Tillaga um framgang borgarlínu samþykkt

**Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í gær tillögu sem tryggja á framgang borgarlínu. Minnihlutinn gagnrýndi það hversu óskýr tillagan væri og að mikil óvissa ríkti um kostnaðinn og hver ætti að bera hann. Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar telur hins vegar um tímamótatillögu að ræða.**

**REYKJAVÍK** „Í raun má kristalla þetta í tveimur valkostum. Að halda áfram á sömu braut eða að breyta ferðavenjum. Ekki með því að þvinga fólk heldur með því að búa til góða valkosti,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um borgarlínu sem var til umræðu í borgarstjórn í gær.

Tillaga um aðgerðir til að tryggja framgang borgarlínu var samþykkt á fundi borgarstjórnar. Greiddu allir tólf borgarfulltrúar meirihlutans atkvæði með tillögunni en átta borgarfulltrúar minnihlutans greiddu atkvæði gegn henni.

Tveir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þær Hildur Björnsdóttir og Katrín Atladóttir, greiddu ekki atkvæði og það gerði fulltrúi Sósíalistaflokksins, Sanna Magdalena Mörtudóttir, ekki heldur.

Frávísunartillaga Sönnu var felld með tólf atkvæðum gegn ellefu. Sanna sagðist í grunninn ekki mótfallin hugmyndinni um borgarlínu. Hins vegar vantaði alveg rödd almennings. Vinna þyrfti málið betur í samráði við þá sem treysta á almenningssamgöngur.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, sagði að enn væri það óljóst hvað fælist í borgarlínu. „Við höfum ekki fjármagn í þessa draumsýn,“ sagði Vigdís.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna, sagði það vonbrigði hversu illa tillagan væri unnin og því ætti að vísa henni frá. Allir vildu bæta almenningssamgöngur en það væri óljóst hver ætti að borga fyrir uppbygginguna. „Við erum að fara af stað í óvissuferð í samgöngumálum.“

## Róa í sömu átt þrátt fyrir mismunandi áherslur



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs og stjórnarmaður í Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, segir sveitarfélögin róa í sömu átt hvað borgarlínuna varðar.

„Það eru eitthvað misjafnar áherslur hjá bæjarstjórunum en viðræður við ríkið munu hafa áhrif á það hvernig sveitarfélögin framkvæma þetta. Það stendur auðvitað margt út af ennþá eins og kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga.“

Hann segist finna fyrir vilja hjá ríkisstjórninni til að taka næstu skref. „Við þurfum samt líka að skoða samspil borgarlínu við aðrar brýnar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.“

Borgarstjóri lagði áherslu á að halda yrði til haga stóru myndinni. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hefðu unnið að verkefninu í sameiningu.

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, líkti borgarlínu við uppbyggingu stofnvegakerfisins á sínum tíma. Tillagan boði tímamót og tími sé til kominn að hugsa kerfið upp á nýtt. „Við þurfum að finna leið til að nýta samgönguæðarnar, sem eru takmarkaðar auðlindir, takmörkuð verðmæti, betur en verið hefur.“

Hann sagði þetta eina viðamestu og vönduðustu vinnu sem unnin hefði verið í borginni í langan tíma.

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, sagði einn af kostum borgarlínu vera að hægt yrði að byggja kerfið upp í áföngum. Hann sagðist ekki óttast að tæknibreytingar myndu gera borgarlínu úrelta. Ný tækni eins og sjálfkeyrandi bílar breytti ekki grundvallarrúmfræði.

„Það verður alltaf skynsamlegt að veita þeim samgöngukostum forgang sem flytja mikið af fólki hratt á milli staða,“ sagði Pawel.

**sighvatur@frettabladid.is**

## Hvað felst í tillögunni?

- Klára á breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
- Hefja á skipulagsvinnu rammaskipulags fyrir almenningssamgöngur í sérrými.
- Gerð verði áætlun fyrir fjölbreytta húsnæðisuppbyggingu meðfram þróunarásum borgarlínu.
- Gerðar verði tillögur að reitum innan áhrifasvæðis borgarlínu með lausnir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur í huga.


Sjónvarpsáskrift og
fjarskipti á betra verði
Heima
Viðskipta-
vinir í Heima fá
10x fleiri GB
í farsíma-
áskrift
Heima er heildarpakki sem inniheldur bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða fyrir heimilið. Þú velur svo þá sjónvarpsáskrift sem hentar þínu heimili best.
Verð frá 12.990 kr. á mánuði*
Kynntu þér Heima á vodafone.is
*Aðgangsgjald 3.190 kr./mán. er ekki innifalið í verði.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone



**Xi Jinping, forseti Kína.** NORDICPHOTOS/AFP

## Kína svarar með nýjum tollum

**KÍNA** Kínverjar tilkynntu í gær um nýja tolla á bandarískar vörur að andvirði sextíu milljarðar dala. Á mánudaginn höfðu Bandaríkjamenn lagt nýja tolla á kínverskar vörur að andvirði 200 milljarðar dala og var því um gagnaðgerðir að ræða í tollastríði ríkjanna tveggja. Nýir tollar Kínverja eru meðal annars lagðir á jarðgas, flugvélar, tölvur og textílvörur.

Donald Trump Bandaríkjaforseti brást illa við ákvörðun Kínverja, sakaði kínverska ríkið um að reyna að hagræða þingkosningum í nóvember „með því að ráðast gegn bandarískum bændum og verkamönnum vegna trygglyndis þeirra“ við forsetann. Þá sagði Trump að Kínverjar skildu einfaldlega ekki að umræddir einstaklingar væru „sannir föðurlandsvinir“ sem vissu að Kína hefði svindlað á Bandaríkjunum í áraraðir. **– þea**

## Yfirnjósnari færður til í starfi

**ÞÝSKALAND** Hans-Georg Maassen, yfirmaður þýsku þjóðaröryggisstofnunarinnar BfV, verður færður í annað starf í innanríkisráðuneytinu. Að þessari niðurstöðu komst ríkisstjórn Angelu Merkel kanslara í gær.

Ástæðan er óánægja með viðbrögð Maassens við aðgerðum öfgaþjóðernishyggjumanna í borginni Chemnitz. Myndband hafði birst á netinu af öfgamönnum að reyna að „veiða“ flóttamenn og aðra innflytjendur. Maassen sagði óvíst hvort það hefði raunverulega gerst, myndbandið gæti verið tekið úr samhengi og aðgangurinn sem notaður var til að hlaða því upp á Twitter falskur. **– þea**

# Pressa á Kim og Moon að ná árangri á þriðja fundi sínum

**Leiðtogar ríkjanna á Kóreuskaga hittust í Pjongjang í gær. Munu einnig funda í dag og á morgun. Lítill raunverulegur árangur í kjarnorkumálum náðst eftir undanfarna fundi. Kim Jong-un þakkar Bandaríkjaforseta fyrir að koma á stöðugleika á svæðinu. Bandaríkin fylgjast náið með fundinum og undirbúa sinn eigin.**

**NORÐUR-KÓREA** Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, heimsótti norðurkóreska einræðisherrann Kim Jong-un í höfuðborginni Pjongjang í gær. Leiðtogarnir funduðu í gær og fara dagurinn í dag og morgundagurinn einnig í viðræður. Þetta er þriðji leiðtogafundur grannríkjanna á stuttum tíma, eftir að nokkur þíða komst í samskipti ríkjanna um áramótin.

Norðurkóreska ríkissjónvarpið KCNA greindi frá heimsókninni í örstuttri frétt í gærmorgun þar sem fram kom að leiðtogarnir ætluðu að vinna að innleiðingu samkomulagsins sem náðist í landamærabænum Panmunjom í vor. Þar sammæltust Kim og Moon meðal annars um að vinna að kjarnorkuafvopnun skagans.

Leiðtogarnir héldu sameiginlegan blaðamannafund í gær áður en þeir héldu til fundar í höfuðstöðvum norðurkóreska Verkamannaflokksins. Kim fór fögrum orðum um nágranna sinn, þakkaði honum fyrir hans hlut í að koma á viðræðum á milli Norður-Kóreu og Bandaríkjanna.

„Þökk sé viðræðunum við Bandaríkin að ástandið á svæðinu er orðið stöðugra og enn er búist við frekari árangri. Ég vil enn á ný tjá þakklæti mitt fyrir vinnu Moon forseta,“ sagði einræðisherrann og bætti því við að sér fyndist hann vera orðinn afar náinn suðurkóreska forsetanum, að því er suðurkóreski miðillinn Yonhap greinir frá.

Moon sagði ferlið allt byggjast á ákvörðun Kim. „Ég vil þakka Kim formanni fyrir viðleitni sína til að opna á nýja tíma. Við finnum fyrir þeirri miklu byrði, þeirri miklu ábyrgð, sem við höfum,“ sagði forsetinn.

Suðurkóreski miðillinn Chosun Ilbo sagði gríðarlega pressu á Moon Jae-in að ná raunverulegum árangri í kjarnorkumálum. Þar að auki myndu leiðtogarnir ræða bætt samskipti og samstarf á sviði efnahagsmála.

Chosun Ilbo benti á að fyrri fundir leiðtoganna, og einnig fundur Kims með Bandaríkjaforseta í júní, hefðu skilað loforðum um að kjarnorkuafvopnun væri markmið en litlum mælanlegum árangri öðrum en að kjarnorkuprófunarsvæði sem talið er að hafi ekki einu sinni verið í nothæfu ástandi lengur var sprengt upp.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Leiðtogarnir, Moon Jae-in og Kim Jong-un, horfa djúpt í augu hvor annars í Pjongjang í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

### Stefnir í annan fund með Trump

Bandaríski miðillinn Politico sagði í gær að þar í landi fylgdust stjórnvöld náið með fundinum í vikunni og reyndu að komast að því hvort grundvöllur væri fyrir öðrum leiðtogafundi Trumps og Kim. Sarah Huckabee Sanders, upplýsingafulltrúi bandaríska forsetaembættisins, greindi frá því þann 10. september að verið væri að undirbúa slíkan fund en viðræður á milli ríkjanna virðast vera í algjörri pattstöðu vegna kjarnorkumála.

Á mánudag kröfðust Bandaríkin þess svo að önnur ríki Sameinuðu þjóðanna virtu viðskiptaþvinganir gegn Norður-Kóreu. Upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins sagði að alþjóðasamfélagið þyrfti að líta „ólöglegar kjarnorku- og eldflaugaáætlanir“ Norður-Kóreu alvarlegum augum.

Bandaríkjamenn sökuðu Rússa um að brjóta gegn samþykktum þvingunaraðgerðum. Voru Rússar sagðir hafa flutt olíu og aðrar vörur í tonnatali til Norður-Kóreu. Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ, sagði á fundi öryggisráðsins að yfirvöld í Moskvu hefðu á kerfisbundinn hátt reynt að koma sér hjá því að framfylgja þvingununum og reyna að hylma yfir brotin.

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir frá fundi leiðtoganna má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**






SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

GRÆNA RÖÐIN

**FIM 20. SEP** 19:30

# ÞÓRA SYNGUR STRAUSS

**Petri Sakari** hljómsveitarstjóri
**Þóra Einarsdóttir** einsöngvari

**Richard Strauss**
**Ævintýri Ugluspegils**

**Richard Strauss**
**Fjórir síðustu söngvar**

**Pjotr Tsjajkovskíj**
**Sinfónía nr. 5**

**Tónleikakynning kl. 18:00**

Hér hljómar Tónaljóð Strauss um skálkinn Ugluspegil, eitt hans dáðasta verk, hrein skemmtimúsík þar sem uppátæki sagnapersónunnar eru útlistuð með óborganlegum hætti. Fjórir síðustu söngvar voru síðasta verkið sem Strauss lauk við, kominn á níræðisaldur í rústum heimsstyrjaldarinnar síðari árið 1948. Angurvær tónlistin hefur yfir sér rómantískan blæ og silkimjúkar sópranhendingarnar eru með því fegursta sem fest hefur verið á blað. Hér er það Þóra Einarsdóttir sem flytur verkið, en hún hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem ein fremsta og dáðasta söngkona þjóðarinnar. Fimmta sinfónía Tsjajkovskíjs er eitt af hinum glæsilegu hljómsveitarverkum rússneska meistarans, magnþrungin útfærsla á „örlagastefi" sem leiðir að lokum til sigurs.

**Tónleikarnir eru þeir fyrstu í Grænu áskriftaröðinni.**

## AÐRIR TÓNLEIKAR Í GRÆNU RÖÐINNI

Þeir sem hafa gaman af vinsælli klassík af léttara taginu ættu að kynna sér Grænu röðina.
Með áskrift tryggir þú þér besta sætið og 20% afslátt af miðaverði. Sala áskriftarkorta fer fram á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

**6. DESEMBER**
AÐVENTUTÓNLEIKAR:
BACH, RAMEAU OG MOZART



**10. JANÚAR**
ÁRAMÓTATÓNLEIKAR 2019
VÍNARTÓNLEIKAR



**21. MARS**
VON OTTER OG TORTELIER



**9. MAÍ**
LUGANSKY SPILAR GRIEG



# TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA



Moon Jae-in og Kim Jong-un ræða saman og standa upp úr glæsikerru einræðisherrans. Kjafnorkuafvopnun skagans er helsta dagskrármál leiðtogafundarins í Pjongjang. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

# Fundað í Pjongjang

Leiðtogar ríkjanna á Kóreuskaga hittust á þriðja leiðtogafundi sínum í Pjongjang í gær. Funda þar til á morgun. Suður-Kóreuforseta var vel tekið í norðri. Þrýstingur er á Moon að ná árangri á fundinum.



Ri Sol-ju, eiginkona Kim Jong-un, og Kim Jung-sook, eiginkona Moon Jae-in, ræða saman.



Norðurkóreskar konur veifa fánum ríkis síns og hylla leiðtogann.



Suðurkóresk forsetafrúin ræddi við norðurkóresk börn og mæður þeirra í höfuðborginni. Mæðurnar virtust hrifnar af forsetafrúni úr suðri.



Norður-Kóreumenn komu upp fallegu skilti af Kóreuskaganum og friðardúfum í höfuðstöðvum Verkamannaflokksins. Leiðtogarnir skáluðu í víni á hátíðarkvöldverði til heiðurs Moon.

# Af bruðli



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Því hefur oft verið fleygt að vandamálið við ríkisrekstur sé að hluthafaaðhald vanti. Eigandi fyrirtækis, sem á allt sitt undir því, er líklegri til þess að sýsla með eign sína af meiri ástríðu en stjórnvöld og stofnanir sem sýsla með opinbert fé.

Hluthafi í einkafyrirtæki tryggir að stefna og rekstur þess sé skynsamleg og sér til þess að forstjórar séu látnir gjalda þess ef reksturinn stendur ekki undir væntingum. Hluthafinn tryggir líka að fjármálastjóri sé ávíttur þegar áætlanir standast ekki. Slíkri ráðdeild virðist ekki fyrir að fara í rekstri hins opinbera.

Í vikunni birti Alþingi kostnað við hátíðarfund sem haldinn var á Þingvöllum í sumar og um þrjú hundruð manns mættu til að berja augum. Kostnaðurinn nam tæplega 87 milljónum króna, eða um 290 þúsund krónum á hvern gest, en átti að kosta 45 milljónir. Kostnaður við lýsingu á fundinum var rúmlega 22 milljónir, en vert er að nefna að fundurinn fór fram um hábjartan dag.

Fleiri slíkar fregnir hafa borist undanfarið. Endurbætur á gömlum bragga við Nauthólsvík í Reykjavík hafa farið langt fram úr áætlunum og kostað skattgreiðendur um 415 milljónir. Áætlaður kostnaður var 158 milljónir. Ekki liggja fyrir haldbærar skýringar á því hvað það var sem varð til þess að kostnaðurinn fór upp úr öllu valdi eða yfirhöfuð hvers vegna borgin er að vasast í framkvæmdum á borð við þessa.

Þá var greint frá því á dögunum að Mathöllin við Hlemm hafi kostað um þrefalt meira en gert var ráð fyrir. Kostnaðurinn, sem átti að vera 107 milljónir, endaði í um 310. Veitingamenn í einkarekstri gætu sennilega ekki staðið undir þreföldum upphafskostnaði miðað við það sem lagt var upp með.

Listinn er langt í frá tæmandi. Venjulegt fólk getur ekki leyft sér agaleysi í heimilisbókhaldinu, en fólk sem sýslar með annarra manna fé virðist ekki jafn staðráðið í að halda að sér höndum. Skattfé er ekki náttúruleg uppspretta tekna.

Fjölmargt annað er hægt að tína til. Ríkið kýs til dæmis að greiða að fullu fyrir liðskipti á einkareknum sjúkrahúsum í útlöndum, stundum þrefalda þá upphæð sem sama aðgerð myndi kosta í Ármúlanum í Reykjavík, og Vaðlaheiðargöng munu kosta skattgreiðendur um 17 milljarða en ekki 9, líkt og lagt var upp með.

Þetta er á íslensku kallað hamslaust bruðl. Líklegast er þó að enginn taki ábyrgð, almenningur borgi reikninginn og málin gleymist eins og svo oft áður.

Auglýst er eftir ábyrgum fjármálastjóra til að hefja störf hjá hinu opinbera hið fyrsta. Hæfniskröfur eru almenn skynsemi og virðing fyrir skattborgurum.

**Auglýst er eftir ábyrgum fjármálastjóra til að hefja störf hjá hinu opinbera hið fyrsta.**

## Halldór




gæði – þekking – þjónusta
PRENTARAR
... og svo miklu meira

Prentaðu beint á vörurnar
eða umbúðirnar
pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Allt til merkinga
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

## Frá degi til dags

**Svartar skrautfjaðrir**
Fréttir af dólgslegri karlrembuframkomu stjórnenda hjá Orkuveitu Reykjavíkur benda eindregið til þess að fleira sé myglað í höfuðstöðvum fyrirtækisins en útveggirnir. Í það minnsta hefur forstjórinn, Bjarni Bjarnason, kosið að stíga til hliðar á meðan vinnustaðamenning OR verður tekin út. Í ljósi þessa fölnar viðurkenningin sem Jafnréttisráð hengdi á OR fyrir fjórum árum meðal annars fyrir breytingar sem miðuðu að því að „nýta starfskrafta beggja kynja jafnt“ og gefa öllu starfsfólki jafna möguleika. Þegar Bjarni tók við viðurkenningunni sagði hann við að ekki væri nóg að virða jafnréttið, „það þarf að fremja það“.

**Léttur hnífur**
Fámennt var á stofnfundi nýs stjórnmálaflokks, Víkingaflokksins, á Kaffivagninum í gær. Kannski tók bara enginn fundarboðið alvarlega þar sem böndin bárust fljótt að ofvirka samsæriskenningasmiðnum Axel Pétri Axelssyni sem sér falska fána í hverju horni og trúir engu sem hann sér eða heyrir. En þar sem þrír Framsóknarmenn, eða víkingar, koma saman, þar er fundur og flokkurinn hefur því verið stofnaður með hugsjónir víkinga, sem vildu lifa „frjálsir undan oki valdstjórna“. Léttur hnífur? Þessi hnífur á að vera léttvægur! thorarinn@frettabladid.is

# Heilbrigðiskerfi þjóðarinnar



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Kerfisbreytingar er tískuorð íslenskrar stjórnmálaumræðu. Nógu óljós merkimiði til að hægt sé að hengja á flest mál sem manni sjálfum hugnast – og stilla þeim sem andsnúin eru upp sem afturhaldi. Merkimiðinn er líka hengdur á mál sem ekki er endilega víst að njóti almennrar hylli ef þau væru einfaldlega kölluð sínu rétta nafni.

Mælingar hafa sýnt það mörg undanfarin ár að mikill meirihluti almennings vill að lögð sé áhersla á uppbyggingu opinbers heilbrigðiskerfis. Er það ákall um kerfisbreytingu? Svari hver sem vill.

Heilbrigðisráðherra vinnur nú að heildarstefnumótun fyrir heilbrigðiskerfið. Það er þarft verk, því fátt snertir okkur meira en heilbrigðiskerfið og það er stærsti einstaki útgjaldaliður ríkissjóðs. Á sama tíma og ákall er um vönduð vinnubrögð eigum við því að fagna þessari heildarskoðun sem er löngu tímabær.

Markmiðið er að svara því hvernig heilbrigðisþjónusta við viljum að sé í boði á Íslandi, hverjir veiti hana og þá hvar, hvenær og ótal fleiri spurningum, til dæmis því hver hlutur sjúklinga á að vera í kostnaði. Einnig er á hún að tryggja að þau stórauknu framlög til heilbrigðismála sem ríkisstjórnin stendur fyrir nýtist sem best.

Það er ekki að gamni sínu gert að fara í þessa vinnu; fjölmargar skýrslur og greiningar sýna hve brotakennt heilbrigðiskerfið okkar er. Úttekt erlendra spekinga á vegum McKinsey sem skoðuðu Landspítalann 2016 er eitt dæmi. Annað er nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar um Sjúkratryggingar Íslands, þar sem kallað er eftir að gerðar séu breytingar á kaupum á heilbrigðisþjónustu og þær byggi á heildstæðri stefnumótun fyrir heilbrigðiskerfið.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur stigið það þarfa skref að hefja vinnu við endurmat á heilbrigðiskerfi þjóðarinnar. Svandís er að bregðast við skýrum vilja almennings og athugasemdum virtra aðila með því að stefna að kerfi þar sem heildarsýn ríkir. Ég styð hana í því þarfa verki.

**Svandís er að bregðast við skýrum vilja almennings og athugasemdum virtra aðila með því að stefna að kerfi þar sem heildarsýn ríkir. Ég styð hana í því þarfa verki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Gámastíll og græðgisvæðing



Magnús Jónsson
veðurfræðingur

Að mínu áliti er með núverandi skipulags- og byggingarstefnu á höfuðborgarsvæðinu, einkum innan Reykjavíkur, verið að fremja stórfelld umhverfisspjöll. Í meira en aldarfjórðung hef ég gagnrýnt hvernig heilu hverfin hafa verið skipulögð og byggð án þess að séð verði að tillit sé tekið til íslensks veðurfars eða landfræðilegrar legu landsins. Ofan á þetta bætist svo að einstakar byggingar eru þannig gerðar að þær geta skapað stórhættu við tilteknar veðuraðstæður. Nýlega hefur síðan komið fram að þessi skipulags- og byggingarstefna hefur verulega neikvæð áhrif á vellíðan fólks og jafnvel geðheilsu þess (sbr. rannsóknir dr. Páls Jakobs Líndal).

## Græðgi og skammsýni

Það sem hefur ráðið för við uppbyggingu og skipulag í höfuðborginni er að mínu mati fyrst og fremst græðgi, tillitsleysi og skammsýni yfirvalda, hönnuða og byggingarverktaka. Þá hefur sú kenning að þétting byggðar sé ávallt til góðs leikið hér stórt hlutverk. Samt hefur verið sýnt fram á að háreist þétting byggðar getur oft skapað meiri vandamál en hún á að leysa. Græðgisvæðing miðbæjar Reykjavíkur (Skuggahverfi, Lækjargata og hafnarsvæðið) svo og Grandavegar, Höfðatorgs og Kringlusvæðisins verður örugglega til að rýra lífsgæði margra sem búa fyrir í þessum hverfum. T.d. með vindstrengjum, vindgný og skuggamyndun sem og frekari aukningu á umferðaröngþveiti og rykmengun vegna aukinnar umferðar. Borgarlína í einhverri mynd eða götuþrengingar munu ekki laga það nema að litlu leyti. Þessa skipulags- og háþéttingarstefnu mætti skilja ef hér á landi væri landrýmisskortur eða hér byggju margar milljónir manna. Hvorugu er þó til að dreifa. Í einu þéttbýlasta landi Evrópu, Hollandi, hef ég óvíða séð viðlíka skipulagslegan hrylling og hér og hef ég þó komið í allmargar borgir þar, jafnvel mörgum sinnum stærri en Reykjavík.

## Ferköntuð hugsun

Með örfáum undantekningum eru nýju hverfin byggð í því sem ég kalla gámastíl. Einfaldir kassar, 5 til 20 hæða með flötum þökum sem ekki eru að neinu leyti í stíl við þá byggð sem fyrir er í borginni eða öðrum bæjum höfuðborgarsvæðisins. Jafnvel þótt verið sé að byggja við hliðina á eldri húsum er ekki reynt að hafa samfelldni í byggðinni eða ná fram heildarsvip.

Gott dæmi um þetta eru fimm hæða gámastæðurnar sem reistar hafa verið sunnan við Útvarpshúsið, nánast skagandi út í Bústaðaveginn.



**Græðgisvæðing miðbæjar Reykjavíkur (Skuggahverfi, Lækjargata og hafnarsvæðið) svo og Grandavegar, Höfðatorgs og Kringlusvæðisins verður örugglega til að rýra lífsgæði margra sem búa fyrir í þessum hverfum. T.d. með vindstrengjum, vindgný og skuggamyndun sem og frekari aukningu á umferðaröngþveiti og rykmengun vegna aukinnar umferðar.**

Einhver hefði kannski reynt að taka tillit til þeirra formfallegu húsa sem byggð voru fyrir fáum áratugum litlu vestar við götuna. Sama má auðvitað segja um Skuggahverfið sem er svo skuggalegt að maður verður nánast þunglyndur af því að koma inn í það í bleytu og myrkri.

Í fyrrahaust heimsótti ég minn gamla heimabæ, Uppsala í Svíþjóð sem er með álíka íbúafjölda og Reykjavík og Kópavogur saman. Á þeim 40 árum sem liðin eru síðan ég bjó þarna hefur mikið verið byggt, byggðin þétt og útvíkkuð. Þrennt vakti sérstaka athygli mína: Í fyrsta lagi hafa nánast engin háhýsi verið byggð í borginni og hvergi inni í grónum íbúðarhverfum. Í öðru lagi eru flest ný fjölbýlishús 3-5 hæðir í stíl við þau sem þar voru þegar ég átti þarna heima. Í þriðja lagi er húsagerðin meira og minna svipuð og hún var í borginni gömlu þar sem menn virðast taka tillit til þess að vindurinn streymir auðveldar yfir rislaga þök en flöt og að heppilegra sé að láta regnið og snjóinn renna af þökum húsanna en að gera flest þök að safnþró fyrir úrkomu, óhreinindi og gróður eins og gert er hér á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er Uppsala þrátt fyrir þéttinguna með urmul opinna grænna svæða sem fengið hafa frið fyrir græðgissinna skipulagsyfirvöldum og byggingarverktökum.

## Geðheilsa og vellíðan

Nýlega hefur komið fram að gámastíllinn og háhýsin valda bæði vanlíðan og depurð hjá mörgum manninum. Er það í fullu samræmi við það sem ég las fyrir margt löngu, að fólki almennt, einkum börnum, liði mun betur í lágum húsum en háum. Þetta á örugglega enn frekar við hér en í öðrum löndum enda hér bæði vindasamara og skuggsælla (sólin lágt á lofti) en víðast hvar annars staðar. Auk þess ku lögun, litir og birta frá húsum skipta máli. Það er því að vonum að hér skulu heilu hverfin byggð svörtum eða dökkgráum háhýsum. Er ég ekki í nokkrum vafa um að slíkt umhverfi hefur mun meiri neikvæð áhrif á líðan fólks heldur en birtutími og stilling klukkunnar á sumar- eða vetrartíma.

## Lokaorð

Fyrir rúmum fjórum áratugum tókst að bjarga Bernhöftstorfunni frá skammsýnum skipulagsyfirvöldum. Var það virkilega gert til þess að hálfri öld síðar verði búið að „rústa“ heildarsvip á Lækjargötunni með byggingu yfirgnæfandi gámakumbalda fyrir auðjöfra? Götu í hjarta borgarinnar þar sem fyrir standa mörg af sögufrægustu og fallegustu húsum hennar sem verða nú ofurliði borin af ljótleikanum. Manni blöskrar að sjá og reyna þau ósköp sem þarna eru að eiga sér stað.

RENAULT
Passion for life

Þú tankar sjaldnar
á Renault sendibíl



RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL
Verð: 2.330.000 kr. án vsk.
2.890.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL
Verð frá: 3.137.000 kr. án vsk.
3.890.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL
Verð frá: 3.911.000 kr. án vsk.
4.850.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM89798

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Firmino kom, sá og sigraði af bekknum á Anfield í gær



**Augnablikið sem réð úrslitum** Meistaradeild Evrópu hófst í gær með látum og var leikur Liverpool og PSG á Anfield bráðfjörugur allt fram á lokasekúndurnar. Franska liðið virtist ætla að stela stigi en hinn brasilíski Roberto Firmino skorar hér sigurmark Liverpool í uppbótartíma. Æfði hann ekki með liðinu í vikunni eftir að hafa meiðst á auga í leik liðsins um helgina en hann reyndist þó hetja heimamanna í leikslok. NORDICPHOTOS/GETTY

### Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**HK - Haukar 18-27**

**HK:** Sigríður Hauksdóttir 9, Elna Ólöf Guðjónsdóttir 2, Díana Kristín Sigmarsdóttir 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2.
**Haukar:** María Ines Pereira 8, Berta Rut Harðardóttir 8, Turið Arge Samuelsen 4, Karen Helga Díönudóttir 2.

**Selfoss - Fram 24-30**

**Selfoss:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 8, Kristrún Steinþórsdóttir 6, Perla Ruth Albertsdóttir 6, Sarah Boye Sörensen 2.
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Steinunn Björnsdóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 4.

## Guðjón búinn að framlengja

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, framlengdi í gær til þriggja ára í Garðabænum. Samningur hans hjá uppeldisfélaginu var að renna út að tímabilinu loknu en Guðjón mun leika áfram í Garðabænum.

Guðjón hefur ekki verið jafn iðinn við kolann fyrir framan markið í sumar líkt og oft áður en hefur þrátt fyrir það verið einn mikilvægasti leikmaður liðsins.

Vann Stjarnan bikarmeistaratitilinn í karlaflokki í fyrsta sinn á dögunum og er í harðri baráttu við Valsmenn um Íslandsmeistaratitilinn. **– kpt**

# Dómstóllinn að skapa slæmt fordæmi

**Mikil umræða hefur skapast í knattspyrnuheiminum í kringum leik Hugins og Völsungs sem fram fer í 2. deildinni í knattspyrnu karla á Seyðisfjarðarvelli í dag. Mistök dómarans í leik liðanna um miðjan ágúst urðu til þess að liðin þurfa að mætast aftur.**

**FÓTBOLTI** Síðdegis í dag leika Huginn og Völsungur merkilegan leik í sögu íslenskrar knattspyrnu. Huginn hafði betur í leik liðanna í 10. umferð 2. deildarinnar í knattspyrnu karla um miðjan ágúst. Þar sem áfrýjunardómstóll KSÍ áleit að maðkur hefði verið í mysunni við framkvæmd leiksins af hálfu dómara sem og við gerð leikskýrslu eftir leikinn telur dómstóllinn réttast að leikurinn verði endurtekinn.

Viðmælendur Fréttablaðsins, bæði almenna knattspyrnuáhugamenn sem og löglærða, rekur ekki minni til þess að knattspyrnuleikur hafi þurft að fara fram að nýju vegna mistaka dómara. Þeir aðilar sem Fréttablaðið ræddi við telja að dómur áfrýjunardómstólsins opni á ormagryfju, sem sé ekki heillavænlegt fyrir knattspyrnuna til framtíðar. Það sé ekki góð þróun að mistök dómara leiði til dómsmála.



**Það var innan þessara veggja sem áfrýjunardómstóll KSÍ kvað upp dóm um að Huginn og Völsungur þurfi að spila leik sinn að nýju.** NORDICPHOTOS/GETTY

Forsaga málsins er í stuttu máli sú að í leik liðanna á Seyðisfirði vísaði dómarinn leikmanni Völsungs ranglega af velli með rauðu spjaldi. Dómarinn taldi, með röngu, að hann hefði nú þegar áminnt leikmanninn þegar hann áminnti hann undir lok leiksins og rak hann þess vegna af velli. Huginn vann leikinn með marki sem liðið skoraði eftir að vera á óréttmætan hátt orðið einum leikmanni fleiri. Eftir leikinn áttaði dómarinn sig á mistökum sínum og leiðrétti þau á leikskýrslu sinni á þann hátt að brottvísun leikmannsins var ekki skráð á leikskýrsluna og þar af leiðandi var hann ekki úrskurðaður í leikbann. Eftir að aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði um að úrslit leiksins skyldu standa þrátt fyrir framkvæmd leiksins og frágang leikskýrslunnar og meint óvinveitt samskipti milli forráðamanns Völsungs og starfsmanns KSÍ, var málinu skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ. Þar var úrskurði aga- og úrskurðarnefndarinnar hnekkt og dómur kveðinn upp um að leikurinn í heild sinni skyldi endurtekinn.

Völsungur fær því aukalíf í baráttunni um að komast upp úr 2. deildinni og Huginn sem er nú þegar fallinn þarf að mæta aftur til leiks með ærnum tilkostnaði. Huginn fær engan kostnað greiddan á meðan ferðakostnaður Völsungs vegna nýs leiks er greiddur að fullu af KSÍ. Fram kemur í dómi áfrýjunardómstólsins að óumdeilt sé að dómarinn hafi gert mistök og er þar líklega vísað til athugasemda eftirlitsdómara leiksins sem hefur ekki vald til þess að dæma leikinn, ummæla dómara leiksins þar sem hann viðurkennir mistök sín og frágangs dómara leiksins á leikskýrslu sem gerð var í samráði við annan starfsmann KSÍ.

Með því að gera þessi mistök, það er að veifa rauða spjaldinu fyrir agabrot sem hefði átt að verðskulda gult spjald, hafi dómarinn metið aðstæður rangt, farið út fyrir það svigrúm sem knattspyrnulögin veita og því sé leikurinn ógildur. Frágangur leikskýrslunnar hafi einnig farið á svig við það sem lög og reglur KSÍ kveða á um. Það er alkunna að dómarar leikja, líkt og aðrir þátttakendur hans, gera mistök og hæpið er að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ eða áfrýjunardómstóli KSÍ sé heimilt að láta endurtaka leiki vegna mistaka starfsmanns KSÍ.

Þannig sé liðið sem ekkert hefur til saka unnið látið gjalda fyrir mistök sem starfsmenn KSÍ gera. Þarna er enn fremur skyggnst inn í hugarheim dómara á þeim tíma sem hann tók ákvörðunina eftir leik og úrslitum var breytt þar sem mistök hans leiddu til óhagstæðra úrslita fyrir það lið sem fyrir mistökunum varð. Þetta gæti orðið til þess að félög freistuðust í framtíðinni til að kæra í meiri mæli rangar ákvarðanir dómara um agabrot í leikjum sem verður til þess að úrslit leikja ráðist inni í dómsal en ekki á knattspyrnuvellinum eins og eðlilegra er.

**hjorvaro@frettabladid.is**



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. september 2018

34. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Í hringiðu umbreytinga



Jón Diðrik Jónsson kemur að tveimur þekktum fyrirtækjum sem hafa á undanförnum árum gengið í gegnum umtalsverðar breytingar. Hann er framkvæmdastjóri Senu sem meðal annars rekur Smárabíó en afþreyingariðnaðurinn hefur gerbreyst eftir tilkomu ólöglegs niðurhals og síðar Netflix og Spotify. Auk þess er hann stjórnarformaður Skeljungs en bílar og skip verða æ sparneytnari og fleiri bílar verða knúnir vistvænum orkugjöfum í framtíðinni. Jón Diðrik rekur í samtali við Markaðinn hvernig glímt er við áskoranirnar. »6

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




»2

## Bláa lónið meðal stærstu hluthafa Icelandair

Ferðaþjónustufyrirtækið er í hópi tuttugu stærstu hluthafa með um eins prósents eignarhlut. Bláa lónið hefur meira en þrefaldað hlutabréfaeign sína í flugfélaginu frá áramótum.

»4

## Mögulega sekur um „alvarleg“ samkeppnislagabrot

Samkeppniseftirlitið segir í frummati að það kunni að brjóta samkeppnislög að Guðmundur Kristjánsson, aðaleigandi útgerðarinnar Brims, skuli hafa tekið við stjórnartaumum HB Granda.

»10

## Sæhrímnir og íslenskur fjármálamarkaður

„Þetta þýðir að hinum eignamestu standa til boða hagstæðari kjör lífeyrissjóða sem ekki þurfa að greiða bankaskatt á meðan hinir eignaminni og fyrstu kaupendur þurfa í raun að bera bankaskattinn,“ segir Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, í aðsendri grein.




# Varða Capital tapaði 267 milljónum í fyrra

Fjárfestingarfélagið Varða Capital, sem er að stærstum hluta í eigu Jónasar Hagan Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, tapaði rúmlega 267 milljónum króna í fyrra borið saman við 221 milljónar króna hagnað á árinu 2016. Tap félagsins skýrist af því að bókfært virði eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum er fært niður um liðlega 340 milljónir.

Varða Capital, sem kemur meðal annars að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu og er hluthafi í Kortaþjónustunni, var í hópi stærstu hluthafa Kviku banka en félagið seldi í lok síðasta árs 7,7 prósenta hlut sinn í bankanum. Samkvæmt nýbirtum ársreikningi fjárfestingarfélagsins nam innleystur hagnaður vegna sölunnar um 123 milljónum króna.

Heildareignir Vörðu Capital, sem er aðaleigandi Nespresso á Íslandi, námu um 2,5 milljörðum króna í árslok 2017 en þar munar mest um eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum upp á 1,36 milljarða króna. Eigið fé félagsins er rúmlega 1.400 milljónir og einu langtímaskuldir þess eru við tengda aðila. **– hae**



**Jónas Hagan Guðmundsson, einn hluthafa Vörðu Capital.**

**123**

**milljónum nam innleystur hagnaður félagsins vegna sölu á 7,7 prósenta hlut í Kviku banka í árslok 2017.**

# Safnaði 7,7 milljörðum

WOW air hefur tryggt sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra, jafnvirði um 7,7 milljarða íslenskra króna, en skuldabréfaútboði félagsins lauk í gær. Í tilkynningu sem flugfélagið sendi frá sér segir að það hafi nú þegar selt skuldabréf fyrir 50 milljónir evra og 10 milljónir evra verði seldar fjárfestum í framhaldi af útboðinu. Þátttakendur í útboðinu voru bæði erlendir og innlendir fjárfestar.

Þá hefur WOW air ráðið Arion banka og Arctica Finance til að hefja undirbúning að skráningu hlutabréfa félagsins innan 12-18 mánaða, bæði hérlendis og erlendis.

Skuldabréfaútgáfan er hugsuð sem brúarfjármögnun fram að áformuðu hlutafjárútboði. Fjárfestar sem tóku þátt í skuldabréfaútboðinu fá kauprétt að hlutafé á 20 prósenta afslætti, þegar félagið verður skráð á markað, sem nemur helmingi af höfuðstól bréfanna en kaupréttirnir verða að fullu framseljanlegur og gildir til fimm ára. **– hae**



**Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Verð hlutabréfa í Icelandair Group hefur lækkað um meira en helming frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bláa lónið í hóp stærstu hluthafa í Icelandair

**Ferðaþjónustufyrirtækið er í hópi tuttugu stærstu hluthafa Icelandair Group með um eins prósents eignarhlut. Bláa lónið hefur bætt verulega við hlut sinn undanfarið og meira en þrefaldað hlutabréfaeign sína í flugfélaginu frá áramótum.**

Bláa lónið hefur að undanförnu bætt verulega við eignarhlut sinn í Icelandair Group og er núna á meðal stærstu hluthafa flugfélagsins með um eins prósents hlut. Nýlegur hluthafalisti félagsins, sem ekki hefur verið gerður opinber, sýnir þannig að Bláa lónið er komið í hóp tuttugu stærstu eigenda Icelandair með um 50 milljónir hluta, samkvæmt heimildum Markaðarins. Miðað við núverandi gengi bréfa Icelandair er markaðsvirði hlutarins um 370 milljónir króna.

Bláa lónið átti í árslok 2017 tæplega 14 milljónir hluta í Icelandair Group og hefur fyrirtækið því meira en þrefaldað hlut sinn í flugfélaginu það sem af er þessu ári. Hlutabréfaverð Icelandair hefur hríðfallið síðustu misseri og mánuði og frá áramótum hafa bréf félagsins lækkað í virði um liðlega helming. Gengi bréfa félagsins, sem lækkaði um rúmlega þrjú prósent í viðskiptum í Kauphöllinni í gær, stendur núna í 7,3 krónum á hlut og hefur ekki verið lægra í nærri sex ár.

Stærsti hluthafi Icelandair er Lífeyrissjóður verslunarmanna með um 14 prósenta hlut en samanlagt eiga íslensku lífeyrissjóðirnir meira en helmingshlut í félaginu. Innlendir einkafjárfestar hafa hins vegar löngum verið hverfandi í hluthafahópi Icelandair. Samkvæmt síðasta opinbera lista yfir tuttugu stærstu hluthafa félagsins, sem birtist 31. júlí síðastliðinn, var þar aðeins að finna eignarhaldsfélagið Traðarhyrnu, sem er meðal annars í eigu Samherja, með 1,7 prósenta hlut í gegnum safnreikning hjá Kviku banka.

**370**

**milljónir króna er núverandi markaðsvirði eignarhlutar Bláa lónsins í Icelandair Group.**

### 2,7 milljarðar í verðbréfum

Vöxtur Bláa lónsins á undanförnum árum hefur sem kunnugt er verið ævintýralegur. Tekjur fyrirtækisins námu þannig rúmlega 102 milljónum evra, jafnvirði 13 milljarða króna, á síðasta ári og jukust um 25 milljónir evra á milli ára. Þá var hagnaður Bláa lónsins um 31 milljón evra á árinu 2017 og hækkaði um þriðjung frá fyrra ári. Tæplega tveir milljarðar voru greiddir út í arð til hluthafa fyrr á þessu ári.

Í árslok 2017 námu fjárfestingar Bláa lónsins samtals um 20,9 milljónum evra. Eignir í verðbréfasjóðum voru þannig um 18,7 milljónir evra á meðan bein hlutabréfaeign Bláa lónsins í skráðum félögum í Kauphöllinni nam um 2,2 milljónum evra í lok síðasta árs. Þar var fyrst og fremst um að ræða hlutabréfaeign fyrirtækisins í Icelandair Group.

Hlutafélagið Hvatning er stærsti eigandi Bláa lónsins með ríflega 39 prósenta hlut. Framtakssjóðurinn Horn II, sem er í eigu lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja og annarra fagfjárfesta, á 49,45 prósenta hlut í félaginu en Kólfur heldur hins vegar utan um 50,55 prósenta hlut í Hvatningu. Eigendur Kólfs eru Grímur Sæmundsen, forstjóri og stofnandi Bláa lónsins (75 prósent), og Eðvard Júlíusson (25 prósent). Þá á eignarhaldsfélagið Keila 9,2 prósenta hlut í Bláa lóninu en það er í meirihlutaeigu Hvatningar. Aðrir hluthafar í Keilu eru meðal annars Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og varaformaður stjórnar Bláa lónsins, en hann er jafnframt stjórnarformaður Icelandair Group. HS Orka er næststærsti hluthafi Bláa lónsins með um 30 prósenta hlut.

Þá eiga Helgi Magnússon, stjórnarformaður Bláa lónsins, og Sigurður Arngrímsson, fjárfestir og fyrrverandi starfsmaður Morgan Stanley í London, einnig hvor um sig um 6,2 prósenta hlut í fyrirtækinu.
**hordur@frettabladid.is**

# Lúxemborgarar fjárfesta í Borealis

Lúxemborgska hýsingar- og gagnavinnsluþjónustan Etix Group hefur fjárfest í Borealis Data Centers sem rekur tvö gagnaver á Íslandi. Með fjárfestingunni er Etix komið með ráðandi hlut, um 55 prósent, í BDC sem hefur formlega skipt um nafn og mun framvegis heita Etix Everywhere Borealis.

Þetta staðfestir Björn Brynjúlfsson, framkvæmdastjóri Borealis Data Centers, í samtali við Markaðinn. „Etix er að koma inn sem ráðandi hluthafi hjá okkur. Þetta er alþjóðlegt fyrirtæki með rekstur úti um allan heim sem mun styrkja uppbygginguna hér heima verulega," segir Björn. „Við erum að kafi í uppbyggingu með þeim sem er smátt og smátt að taka á sig góða mynd."

BDC rekur eitt gagnaver á Fitjum í Njarðvík og annað á Blönduósi við Svínvetningabraut. Það var nýlega gangsett en áætlað er að uppbygginguna á aðstöðunni ljúki fyrir árslok. Saman hafa þessi gagnaver hýsingargetu fyrir 30 þúsund netþjóna en vegna mikillar eftirspurnar frá alþjóðlegum fyrirtækjum er öll hýsingin uppseld.

„Ísland er hagkvæm staðsetning fyrir gagnaver af þessum toga þökk sé köldu loftslagi og raforkuöryggi," segir Björn og vísar því til stuðnings til niðurstaðna úr alþjóðlegum rannsóknum. **– tfh**



**Björn Brynjúlfsson, framkvæmdastjóri Borealis.**




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Guðmundur mögulega sekur um „alvarleg brot“ á samkeppnislögum

**Samkeppniseftirlitið segir í frummati að það kunni að brjóta samkeppnislög að Guðmundur Kristjánsson, aðaleigandi útgerðarinnar Brims, skuli hafa tekið við stjórnartaumum HB Granda. Stofnunin lítur það sömu augum að hann skuli hafa setið í stjórn Vinnslustöðvarinnar á sama tíma og hann stýrði Brimi. Fyrirtækin stunda útflutning, um 98 prósent af íslensku sjávarfangi eru seld erlendis.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Samkeppniseftirlitið gerir fjórar alvarlegar athugasemdir við viðskiptahætti Guðmundar Kristjánssonar, aðaleiganda Brims og HB Granda, og segir að ef frummat stofnunarinnar sé á rökum reist sé um að ræða „alvarleg brot“ á samkeppnislögum.

Fram kemur í bréfi frá Samkeppniseftirlitinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að sú staða að aðaleigandi Brims sé forstjóri HB Granda kunni að leiða til brota á samkeppnislögum. Guðmundur tók við sem forstjóri HB Granda í júní eftir kaup á kjölfestuhlut í fyrirtækinu vor. Stofnunin rifjar upp að í Fréttablaðinu hafi komið fram að hann hafi áhuga á að auka samstarf á milli útgerðanna tveggja og að einkum sé horft til sölu- og markaðsmála í þeim efnum.

Auk þess er sagt í bréfinu að sú staða að aðaleigandi Brims sitji í stjórn Vinnslustöðvarinnar, en hann átti þriðjungshlut í fyrirtækinu þar til í gær, kunni að leiða til samkeppnisbrota. Samkvæmt tilkynningu til Ríkisskattstjóra hefur Guðmundur ekki setið í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá 10. apríl þegar blásið var til aðalfundar. Bréfið sem Markaðurinn hefur undir höndum er dagsett 6. júlí.

Samkeppniseftirlitið segir að það sé varhugavert í samkeppnislegu tilliti að sami aðili, sem eigi allt hlutafé í einu félagi, sé á sama tíma forstjóri félags á sama markaði og stjórnarmaður í því þriðja.

Guðmundur vildi ekki tjá sig við Markaðinn þegar eftir því var leitað.

HB Grandi upplýsti hinn 7. júlí að útgerðinni hefði borist erindi frá Samkeppniseftirlitinu þar sem óskað væri eftir sjónarmiðum félagsins vegna skoðunar á því hvort myndast hefðu yfirráð í skilningi samkeppnislaga þegar Brim eignaðist 34 prósenta hlut í HB Granda þann 4. maí 2018.

### Hvorki tilkynnt um kaup á Ögurvík né HB Granda

Enn fremur telur Samkeppniseftirlitið að tilkynningarskyldur samruni kunni að hafa átt sér stað þegar Brim eignaðist hlut í HB Granda. Hann hafi ekki verið tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins og virðist hafa komið þegar í stað til framkvæmda. Sömuleiðis kunni tilkynningarskyldur samruni að hafa átt sér stað sumarið 2016 þegar Brim



**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda.**

eignaðist Ögurvík. Sá mögulegi samruni, eins og eftirlitið orðar það, hafi ekki verið tilkynntur og virðist hafa komið þegar í stað til framkvæmda.

Samkeppniseftirlitið segir í bréfinu að það fái ekki betur séð en að HB Grandi, Brim, Vinnslustöðin og Ögurvík séu „keppinautar í skilningi samkeppnislaga“. Kallað var eftir viðbrögðum frá fyrrnefndum fyrirtækjum. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, benti á í grein í Fréttablaðinu að 98 prósent af íslensku sjávarfangi séu seld á erlenda markaði.



**Samkeppniseftirlitið telur að tilkynningarskyldur samruni kunni að hafa átt sér stað þegar útgerðarfyrirtækið Brim eignaðist kjölfestuhlut í HB Granda í vor. Hann hafi ekki verið tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Aflar frekari upplýsinga

Páll Gunnar Pálsson, framkvæmdastjóri Samkeppniseftirlitsins, segir við Markaðinn að málinu sé ólokið. „Í framhaldi af framkomnum sjónarmiðum er Samkeppniseftirlitið að afla frekari upplýsinga. Niðurstaða í málinu liggur því ekki fyrir.“

Vakin er athygli á því í bréfinu að um samruna geti verið að ræða þrátt fyrir að fyrirtæki eignist ekki meirihluta í öðru fyrirtæki. Aðalatriðið sé að meta hvort kaupin leiði til yfirráða í öðru fyrirtæki. „Ef kaupandi kemst í þá stöðu að geta tekið mikilvægar ákvarðanir innan viðkomandi fyrirtækis getur það gefið skýrt til kynna að yfirráð í skilningi samkeppnislaga hafi myndast og þar með hafi samruni átt sér stað,“ segir Samkeppniseftirlitið. Framkvæmd samruna geti falist í því að sá sem hefur öðlast yfirráð yfir fyrirtæki sest í stjórn þess og knýi fram breytingar. „Af þessu leiðir óhjákvæmilega að það er a.m.k. mikil lagaleg áhætta fólgin í því ef fyrirtæki (eða eigandi þess) á fulltrúa í stjórn eða stjórnunarstöðu hjá keppinaut sínum.“

## Beita fyrir sig Samkeppniseftirlitinu í viðskiptastríði um Vinnslustöðina

Um árabil hefur staðið styr á milli Guðmundar, sem hefur verið minnihlutaeigandi í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum frá árinu 2005, og þeirra sem ráða för í útgerðinni. Brim seldi í gær þriðjungs hlut sinn í Vinnslustöðinni fyrir 9,4 milljarða króna. Guðmundur hefur, samkvæmt bréfi Samkeppniseftirlitsins, setið í stjórn Vinnslustöðvarinnar með hléum frá árinu 2007. Hann hafi síðast verið kjörinn í stjórn vorið 2017 en eins og segir í fréttinni hér að ofan gekk hann úr henni í vor. Á sama tíma hafi hann gegnt starfi forstjóra Brims. Í bréfi sem meirihluti stjórnar Vinnslustöðvarinnar sendi til Samkeppniseftirlitsins segir að Guðmundur hafi í krafti stöðu sinnar sem stjórnarmaður í útgerðinni kallað eftir ítarlegum og sundurgreinanlegum upplýsingum um reksturinn. Bréfið var skrifað í því skyni að fá úr því skorið hvort það teldist eðlilegt að fulltrúi hluthafa sem væri jafnframt keppinautur fengi slíkar upplýsingar í hendur.

Guðmundur sagði í viðtali við ViðskiptaMoggann fyrir tæpri viku að aðkoma hans að Vinnslustöðinni hefði í upphafi verið hlutlaus. „En svo leiddist mér hvað þetta var lélegur rekstur hjá félaginu. Meirihluti eigenda vildi ekki fjárfesta í nýjum tækjum og búnaði. Þeir tóku þá stefnu að kaupa öll hlutabréf sjálfir, sem losnuðu í fyrirtækinu, og af þeim sökum hafa þeir þurft að greiða sér mikinn arð. Það kemur niður á fjárfestingunni inni í Vinnslustöðinni og fyrirtækið hefur dregist aftur úr sambærilegum sjávarútvegsfyrirtækjum,“ sagði hann.

Atvinnueign Fasteignamiðlun
Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

Halldór Már Sverrisson
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
898 5599
halldor@atvinnueign.is



### Eyrartröð 12



**Til sölu/leigu** 1280 fm atvinnuhúsnæði við Eyrartröð í Hafnarfirði.

Um er að ræða fiskivinnsluhús með fiskmóttöku, vinnslusal, kæligeymslu, frystigeymslu, verkstæði auk skrifstofu, góðum matsal og starfsmannaaðstöðu. Fjórar innkeyrsluhurðir.
Möguleiki er að leiga hluta af húsnæðinu.
**Verð 250 milljónir.**

### Melabraut 22



**Til sölu/leigu** 872 fm iðnaðarhúsnæði við Melabraut í Hafnarfirði.

Um er að ræða vinnslusal, kælisal, móttöku, starfsmannaaðstöðu, snyrtingar, ræstingu, vinnslusal, kæli og geymsluloft. Á 2. hæð er fundarsalur, skrifstofur, eldhús, geymsla og setustofa. Innkeyrsludyr eru á vinnslusal og kæli. Góð innkeyrsla og malbikað plan. **Verð 160 milljónir.**

Atvinnueign - Síðumúla 13, 108 Rvk. - www.atvinnueign.is

ÞÚ í stafrænum heimi

# Haustráðstefna Advania

## 21. september 2018

42 fyrirlestrar á einum degi. Ráðstefnan er öflugur vettvangur til að sækja innblástur og fræðast um stefnur og strauma í tækni.

Tryggðu þér miða. Örfá sæti laus.



Kynntu þér dagskrána á **advania.is**

advania



„Það er áhyggjuefni hvað það eru mörg fyrirtæki á hlutabréfamarkaði þar sem krafta einkafjárfesta nýtur ekki við,“ segir Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður Skeljungs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Á kafi í umbreytingu á rekstri fyrirtækja

**Jón Diðrik Jónsson segir að afþreyingarfyrirtækið Sena hafi stokkað upp viðskiptamódelið þrisvar frá árinu 2009. Tekjur Smárabíós jukust á milli ára í fyrra. Hann segir að Skeljungur hafi enn fremur dregið úr rekstrarkostnaði frá árinu 2014 þrátt fyrir launaskrið.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Jón Diðrik Jónsson kemur að tveimur þekktum fyrirtækjum sem hafa á undanförnum árum gengið í gegnum umtalsverðar breytingar til að standast tímans tönn og ekki sér fyrir endann á þeirri vinnu. Hann er framkvæmdastjóri og eigandi Senu, sem meðal annars á Smárabíó og átti áður Skífuna, og er stjórnarformaður Skeljungs. Afþreyingariðnaðurinn hefur siglt í gegnum stormviðri sem rekja má til ólöglegs niðurhals og síðar innreiðar Amazon, Netflix og Spotify. Af þeim sökum hefur þurft að endurskipuleggja rekstur Senu þrisvar frá árinu 2009 og viðskiptamódelið verið stokkað upp á nýtt. Olíufélögin glíma við að skip og bílar verða sífellt sparneytnari og æ fleiri bílar verða knúnir af rafmagni eða öðrum umhverfisvænum orkugjöfum þegar fram líða stundir. Starfsumhverfi fyrirtækjanna er því að taka stakkaskiptum. Jón Diðrik tekur því með stökustu ró og bendir á að flestar atvinnugreinar þurfi að glíma við síbreytilegt starfsumhverfi.

*Af hverju ákvaðst þú að fjárfesta í Senu árið 2009?*

„Á þeim tíma var ég nýbúinn að fjárfesta í Capacent og unnið var að því að koma fyrirtækjaráðgjöf á koppinn. Ráðgjafi Dagsbrúnar átti að selja Sagafilm og Senu og spurði hvort ég hefði áhuga á fyrirtækjunum. Ég ákvað að skoða Senu nánar – í aðra röndina til að athuga hvernig ráðgjafar við söluna ynnu sína vinnu.

Mér þótti verkefnið spennandi því um var að ræða afþreyingarfyrirtæki og umbreytingarverkefni. En ég hef unnið mikið við umbreytingu og markaðssetningu, allt frá því ég starfaði alþjóðlega hjá Coca-Cola og síðar hjá Ölgerðinni. Sena stóð illa á þeim tíma rétt eins og flest fyrirtæki eftir bankahrun. Landsbankinn sem hugðist fjármagna reksturinn féll frá því og það þurfti leggja fé í fyrirtækið áður en hægt var að fara í áreiðanleikakönnun. Við Magnús Bjarnason, meðeigandi minn á þeim tíma, tókum veð í geisladiskum, bíósætum, poppvélum og fleiru og létum vaða. Við hefðum getað endað á Perlumarkaðnum með gott úrval ef þetta hefði farið illa,“ segir Jón Diðrik og kímir.

## Fyrsti spretturinn

„Fyrsti spretturinn fór í að selja eignir, endurmeta efnahaginn og færa niður eignir sem hafði verið látið hjá líða í uppsveiflunni. Við urðum að selja Skífuna, sem Sena hafði tekið upp í skuldir, í snarheitum því Samkeppniseftirlitið hafði ekki heimilað yfirtökuna og reksturinn stóð ekki undir sér. Það þurfti jafnframt að loka Regnboganum sem tapaði háum fjárhæðum í hverjum mánuði. Þar er nú rekið ríkis- og borgarstyrkt Bíó Paradís. Sena á einnig Smárabíó sem hefur ávallt gengið nokkuð vel.

Næsti sprettur fór í að ná betri tökum á rekstrinum. Við rákum stóra söludeild fyrir DVD-diska og geisladiska, ásamt því að vera með umboð til að selja kvikmyndir. Hafist var handa við að leita leiða um hvernig hægt væri að selja efni í fleiri efnisgáttir en í kvikmyndahús og sjónvarp þegar ljóst var að sala til verslana myndi fara að skreppa mikið saman. Á þeim tíma áttuðum við okkur á að samkeppni frá fyrirtækjum á borð við Netflix og Spotify væri yfirvofandi en fyrirtækin höfðu ekki enn sprottið fram á markaðnum. Af þeim sökum var meðal annars fjárfest í tónlistarvefnum tonlist.is og hljóðbókafyrirtækinu Skynjun, sem nú er orðið að hinu sænska Storytel. Sömuleiðis var reynt að kaupa Miða.is en

**Oft höfum við átt í viðræðum við tónlistarmenn og allt er klappað og klárt en á síðustu stundu ákveða þeir að hnika til áfangastöðum í tónaleikaferðinni og þá dettum við út.**





Sena Live skipulagði tónleika Justins Timberlake og nafna hans Biebers á Íslandi. Timberlake vildi ljúka tónleikaferðalagi sínu hér á landi árið 2014 og Bieber hafði sömuleiðis sérstakan áhuga á að spila á Íslandi árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 19. SEPTEMBER 2018



Þórunn Hannesdóttir er ein þeirra sem standa að hönnunarstúdíóinu MUN. Hún vill markaðssetja íslenska hönnun til útflugnings. MYND/EYÞÓR


HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.





# Hönnuðir sterkari saman

Grágrýtisspeglar Þórunnar Hannesdóttur, vöruhönnuðar hjá Færinu, vöktu athygli hönnunarsíðunnar Dezeen í sumar. Hún segir Íslendinga standa framarlega í samfélagsvænni hönnun og vill íslenska hönnun í útflutning. →2

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Ég komst í 20 manna úrtak úr hópi 3.500 hönnuða um hönnunarverðlaun Dezeen með spegla úr grágrýti og gleri nú í ágúst. Verðlaunin sneru að hönnun sem ýtir undir hægari neysluhyggju og það er hugmyndin á bak við speglana, hugtakið um „slow design“ og hvernig efnið er nýtt. Speglarnir komust þó ekki lengra í keppninni en það er æðislegt að fá viðurkenningu sem þessa,“ segir Þórunn Hannesdóttir, vöruhönnuður hjá Færinu. Hún segir „slow design“ endurnýtingu áberandi í íslenskri hönnun.

„Slow design og samfélagsvæn hönnun tel ég að leiki stórt hlutverk í hugmyndafræði íslenskra hönnuða. Við vinnum svo náið með framleiðendum og framleiðum einnig sjálf í mörgum tilfellum. Það verður til þess að hönnuðurinn hugsar það sem hann gerir, bæði samfélagslega og efnislega. Þessa hluti þarf ekki bara hönnuðurinn að hafa í huga heldur framleiðsluiðnaðurinn allur. Við þurfum að hugsa hlutina lengra og fara vænni leið inn í framtíðina. Reyna til dæmis að endurnýta það sem hægt er og það hefur verið leiðarstef hjá mér í minni hönnun.“

Þórunn er hluti af hönnunarstúdíóinu Mun á Barónsstíg en þar eru einnig Ihanna home, IIDEM Jewellery, Bybibi, Fjaðrafok og Anna Thorunn. Þórunn sendi nýlega frá sér nýjar vörur sem allar eru umhverfisvænar.

„Ég er með fjóra nýja ilmi í ilmkertum. Olíurnar í kertunum eru náttúrulegar og endurnýtanlegar en þær má nota sem húð- og nuddolíu. Kertin verða að vökva þegar kveikt er á þeim en olían verður ekki eins heit og vax. Þá var ég einnig að setja á markað skurðarbretti sem voru hönnuð fyrst 2014 en hafa verið í þróun. Þau eru innblásin af fjöllum, búin til úr hlyn og því mjúk fyrir hnífa. Á þau er borin repjuolía sem unnin er með vistvænni ræktun. Ég er stöðugt að pæla í þessum hlutum,“ segir Þórunn.

Henni er einnig umhugað um að koma íslenskri hönnun í útflutning og vill hvetja hönnuði til að sameina krafta sína. Sjálf tekur Þórunn virkan þátt í sýningum erlendis. „Ég sýndi bæði í Svíþjóð og Danmörku á þessu ári og vil vinna að því að sameina krafta íslenskra hönnuða í útflutning. Það er til dæmis hluti af hugmyndinni á bak við Mun, að hönnuðir standi saman. Íslenskir hönnuðir standa ágætlega að vígi og við erum í stöðugri þróun. Leiðin er bara upp á við.“



Bretti Þórunnar eru í formi fjalla. Kertin eru vistvæn.



Þórunn segir hugmyndina á bak við MUN á Barónsstíg að sameina krafta hönnuða. MYNDIR/EYÞÓR



Grágrýtisspeglar Þórunnar vöktu athygli Dezeen, en með þá komst Þórunn í 20 manna úrtak úr35.000 hönnuða hópi.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

NÚ KÓLNAR Í VEÐRI
Yfirhafnir, peysur, ullarbuxur og margt fleira



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ Job.is

# Charging Center One hleðslustöð

Á hverju einasta heimili á Íslandi eru hleðslutæki. Þau geta verið þó nokkur og þau eru fleiri eftir því sem fleiri eru í fjölskyldunni. Það þarf að hlaða nokkra síma, spjaldtölvur, leikjafjarstýringar, heyrnartól, úr og fleiri tæki,“ segir Jóhann Þórsson, markaðsstjóri Heimkaupa. „Það getur verið hvimleitt að hlaða tækin í mörgum herbergjum og á sama tíma henda reiður á því hvar hleðslusnúrurnar og hleðslukubbarnir eru.

Hleðslustöðvar eru tilvaldar til að einfalda heimilið og koma á betra skipulagi. Snjallhleðslustöðin Charging Center One frá Enox, sem fæst á Hópkaupum, er nett tæki sem hleður átta tæki í einu með USB, hratt og örugglega,“ segir Jóhann. „Tækið þarf bara eina innstungu og leysir alla hleðslukubba á heimilinu af hólmi.

ENOX Charging-Centre-One er fjöltengi nútímans. Það er upplagt að geyma allar snúrur á sama stað og hleðslustöðina og þá vita allir á heimilinu hvar tækið er og hvar á að hlaða,“ segir Jóhann. „Enox hleðslustöðin er upplögð fyrir fjölskyldur sem vilja einfalda heimilið og hreinsa til!

Snjallhleðslustöðin er búin hraðhleðslu, svo að full hleðsla næst á eins skömmum tíma og mögulegt er,“ segir Jóhann. „Á stafrænum skjá er hægt að sjá stöðu á hleðslu hvers tækis fyrir sig og aflið sem hleðslustöðin er að senda til tilkekins tækis.



Charging Center One hleðslustöðin leysir öll hleðslutæki á heimilinu af hólmi.




HÓPKAUP

Charging Center One er komin til landsins og það er hægt að kaupa hana á hopkaup.is og sækja hana svo í Gamestöðina,“ segir Jóhann. „Hún kostar bara 4.990 krónur.“

## Um ENOX

„ENOX GROUP hefur verið starfandi á Þýskalandsmarkaði í yfir 10 ár en á sér yfir 40 ára sögu,“ segir Jóhann. „ENOX hefur verið virkt í hönnun, framleiðslu og alþjóðlegri markaðssetningu á afþreyingar- og samskiptatækjum fyrir heimili í yfir hálfa öld.

ENOX GROUP hefur unnið til fjölda verðlauna á síðustu 10 árum fyrir vörur sínar en í vörum þeirra sameinast nýjasta tækni, gæði og ending á hagstæðu verði,“ segir Jóhann. „Allar ENOX GROUP vörur eru framleiddar og hannaðar eftir þýskum gæðastöðlum í Asíu, eins og flestar vörur í þessum geira, og því notar fyrirtækið slagorðið „Þýsk gæði – asísk smíð“.“

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VOLVO Xc60 t8 hybrid r-design. Árgerð 2018, ekinn 22 Þ.KM, bensin/plug in sjálfskiptur 8 girar. Verð 8.980.000. Rnr.213183.



TOYOTA Rav4 sport hybrid . Árgerð 2018, Nýjir bílar bensin/hybrit sjálfskiptur.staðgr Verð 5.690.000. Væntanlegir í byrjun Oktober Takmarkað magn í boði Rnr.213188.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Toyota corolla árg. '06 ek. 180þús disel. Verð 600þús S: 868 2466 og 899 0418

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Vinnuvélar

**Vinnulyftur**
htaekjaleigan.is
JLG



H TÆKJALEIGA
TÆKJALEIGA & SALA
SÍMI: 858 04 00

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852




## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja.
Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Rafvirkjun

**Gvendarbás.**
**Rafvirki - Alhliða raflagnir**
**Sími 853-1199**
**gvendarbas@simnet.is**

Bílar á staðnum
**Komið** og reynsluakið

MITSUBISHI
**OUTLANDER**
PHEV Hybrid Instyle
Nýir bílar árgerð 2018

VERÐ
**4.990**
ÞÚSUND
Ný heilsársdekk fylgja




**Hlaðnir**
aukabúnaði

- Leðursæti
- 360 gráðu myndavélakerfi
- Akreinavari
- Árekstrarvari
- Outlander stafir á húddi
- Þokuljósasett að framan
- Leiðsögukerfi
- Rafdrifin afturhleri
- Blindhornsviðvörun
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- og margt fleira...

**Getum útvegað aukahluti**
á frábæru verði:*

- Hleðslustöð **85.000** kr.
- Krókur **90.000** kr.

* Gildir eingöngu með nýjum Outlander frá Stóru Bílasölunni.

Bílar í ábyrgð - Allt að 90% fjármögnun - Til í ýmsum litum - Skoðum með uppítöku á öllum gerðum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
...á verði fyrir þig!

HUMBAUR

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

---

LIND FASTEIGNASALA

**510 7900**
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

### Frakkastígur 14
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 91 fm HÆÐ HERB: 3

**ATH FÆST AFHENT MEÐ HÚSGÖGNUM.**
**Mjög falleg og vel skipulögð þriggja herbergja sérhæð í glæsilegu húsi í miðbæ Reykjavíkur. Sérinngangur. Eignin er á jarðhæð. Tæplega þriggja metra lofthæð, mikið endurnýjuð. Hiti í gólfi.**

**51.900.000 KR**



**OPIÐ HÚS › 19. SEPT 17:30 – 18:00**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is



---

## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



### Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

**Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 info@handafl.is | **handafl.is**

---

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kjalarnes Saltvík
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 22. ágúst 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. ágúst 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall er aukið á reit B úr 0.3 í 0.5 og lóðir endurskilgreindar þannig að í stað þess að vera hringlaga þá er þeim breytt í ferhyrnda. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Austurbakki 2
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. ágúst 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. september 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að bætt verður við nýrri lóð með byggingarreit 14 á Faxagarði fyrir spenni- og rafdreifistöð auk vaktaðstöðu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kjalarnes, Vallá
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. ágúst 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. september 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit A til suðurs og vesturs og bæta við nýjum aðkomuvegi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11
Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. ágúst 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. september 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðanna nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst afmörkun lóða fyrir Stjörnugróf 7 og 9 og gera nýja lóð fyrir Stjörnugróf 11 þar sem heimilt verður að byggja íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018.** Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 31. október 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 19. september 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

---

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

---

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Par á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakari í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.
Og annanhvern laugardag. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**WAITERS / KITCHEN ASSISTANT AND DISHWASHING**
Old Iceland restaurant is looking for waiters with experience for part time job working 2-2-3 or after an agreement. Also we need a dishwasher for a part time job working 2-2-3 in the evenings. Please send resume to oldiceland@oldiceland.is and we will be in touch.

Old Iceland restaurant auglýsir eftir þjónum með reynslu í hlutastörf. Einnig vantar okkur uppvaskara á 2-2-3 vaktir á kvöldin frá kl 18. Vinsamlegast sendið tölvupóst á oldiceland@oldicaland.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**



Fyrstu stóru tónleikarnir sem haldnir voru á Íslandi eftir hrun voru hljómleikar Eagles árið 2011. Sena Live stóð að tónleikunum og skipuleggur nú yfir 20 viðburði á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samkeppniseftirlitið tók dræmt í þær hugmyndir.

Það var því fjárfest töluvert í tækni. Við byggðum upp efnisgáttir en hjartað sló ekki þar. Við erum ekki tæknifólk. Það var því brugðið á það ráð að selja þær. Tekin var ákvörðun um að einfalda rekstur Senu og einblína á styrkleika fyrirtækisins. Við lögðum því allt kapp á að selja efni til kvikmyndahúsa, sjónvarpsstöðvanna og VOD-þjónustu símafyrirtækjanna – sem eru reyndar nú komin í eina sæng – og Netflix.

Jafnframt var unnið í að koma skikki á útgáfu á tónlist, sem hafði verið rekin með tapi árum saman. Þegar rekstur var kominn í lag, sterkir samningar við Spotify og aðrar veitur, þá var brugðið á það ráð að selja útgáfuna til Öldu sem stýrt er af Sölva Blöndal og Ólafi Arnalds tónlistarmönnum. Þeir kunna fagið upp á sína tíu fingur og eru með öflugt tengslanet á meðan við vorum með brunablöðrur á öllum fingrum eftir reksturinn. Þau viðskipti voru afar hagkvæm tel ég, bæði fyrir okkur, kaupendur og tónlistarfólk.“

**Gæða kvikmyndahús dafna**

„Og þá er komið að þriðja fasanum. Fyrirtækið býr að sterku þekkingarfólki í hverjum geira, Tínó leiðir kvikmyndadeild okkar, Ólafur tölvuleiki, Ísi tónleikahald og Ásta María daglegan rekstur kvikmyndahúsa og starfsmannamál. Þetta er allt fólk með mikla ástríðu fyrir því sem það gerir og gífurlega þekkingu. Við Solla skrifstofustjóri og Lilja Ósk markaðsstjóri sinnum því svo að styðja við þessa starfsemi ásamt öðru starfsfólki. Nú erum við að fjárfesta ríkulega í Smárabíói og teljum að í samkeppni við sófann og fína sjónvarpið heima í stofu þurfi sífellt að bjóða upp á betri bíósali og alla upplifun. Við erum eitt fyrsta bíóið í Evrópu sem býður upp á hágæða leysigeisla-sýningartæki í öllum sölum og það eina á Íslandi, fyrstir með Dolby Atmos-hljóðkerfi á Íslandi, höfum aukið pláss á milli sæta, hleypt af stokkunum nýrri veitingaþjónustu, boðið upp á sjálfsala og fleira til að auðvelda fólki að versla og sleppa við raðir, sér aðstöðu fyrir afmæli, fleiri viðburði fyrir börn, fjölskyldur, unglinga og fyrirtæki. Þarna verður mikil áhersla hjá okkur í framtíðinni og spennandi tímar.

Erlendis er þróunin sú að kvikmyndahús sem fjárfesta í gæðum vaxa og dafna á meðan kvikmyndageirinn dregst saman um eitt prósent á ári. Það verða því færri vel staðsett og fullkomnari bíó sem standa eftir á flestum mörkuðum og eru í harðri samkeppni við aðra afþreyingu.“



**Ég lít á tónleikahald eins og áhættufjárfestingu í nýsköpun. Það verður að skipuleggja fjölda viðburða á hverju ári því eitthvað af þeim mun fara afar illa og þá er eins gott að það sé ekki allt undir.**

*Það kom mér einmitt skemmtilega á óvart að samkvæmt ársreikningi var 6 prósenta vöxtur í tekjum kvikmyndahússins í fyrra.*

„Það hefur verið aukning hjá Smárabíói en hins vegar er það ekkert launungarmál að rekstur minni kvikmyndahúsa er erfiðari eins og í tilviki Háskólabíós. Við höfum aðgreint kvikmyndahúsin á þá vegu að Háskólabíó er eins konar Cannes með áherslu á listrænar kvikmyndir og íslenskar, með númeruð sæti og ekkert hlé, á meðan Smárabíó er Hollywood þar sem allar stærstu og vinsælustu myndirnar eru sýndar í bestu mögulegu tæknilegum gæðum. Það má segja að stærri myndirnar séu stærri en þær voru en að sama skapi fer fólk ekki jafn oft í bíó og áður fyrr þegar ungt fólk sá flestallt í bíó.

Einnig höfum við lagt mikla áherslu á gott samstarf við íslenska kvikmyndagerð. Við reynum að koma með verðmæti í framleiðsluferilinn og komum að dreifingu og markaðssetningu á íslenska markaðnum. Það skiptir miklu máli að það sé mikil gróska í þessu og gífurlega gaman að fylgjast með frábæru starfi í þessum geira.“

*Hvað sáuð þið í félaginu fyrst það þurfti að endurskipuleggja reksturinn jafn mikið og raun ber vitni?*

„Við töldum að verðmætin lægju í Smárabíói og miklu safni af íslenskri tónlist. Ef við yrðum að loka öllu nema því væri grunnverðmætið í lagi. Einnig að afþreying er ekki að minnka í mikilvægi en hvernig hennar er notið tekur endalausum breytingum og við viljum vera þar þátttakendur,“ segir Jón Diðrik.

**Timberlake, Bieber og Kevin Hart**

Fyrir nokkrum árum ákvað Sena ásamt Ísleifi Þórhallssyni tónleikahaldara að setja aukinn kraft í tónleika og aðra viðburði með viðburðafyrirtækinu Senu Live, sem hefur meðal annars flutt inn tónlistarmennina Justin Timberlake, Justin Bieber og Eagles auk skemmtikraftanna John Cleese, Jeff Dunham, Ricky Gervais og Kevin Hart.

„Ég lít á tónleikahald eins og áhættufjárfestingu í nýsköpun. Það verður að skipuleggja fjölda viðburða á hverju ári því eitthvað af þeim mun fara afar illa og þá er eins gott að það sé ekki allt undir. Fyrir stóra viðburði eins og Justin Bieber fengum við aðra með okkur í lið til að dreifa áhættunni. Nú erum við með yfir 20 viðburði á ári. Ég tel einnig að Ísi og samstarfsfólk í Senu Live hafi tekið tónleikahald upp á nýtt stig. Það er mikill metnaður fyrir gæðum og upplifun og keppnisskap um að allt sé eins og best gerist í heiminum í tónleikahaldi. Það sést á viðburðum Senu Live. Núverandi verkefni er að ná tökum á rekstri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves og teljum við að sú næsta verði ein sú öflugasta hingað til.“

*Er erfitt að fá þessi allra stærstu nöfn til landsins?*

„Já. Það þarf svo margt að falla með þér. Oft höfum við átt í viðræðum við tónlistarmenn og allt er klappað og klárt en á síðustu stundu ákveða þeir að hnika til áfangastöðum í tónaleikaferðinni og þá dettum við út. Við gátum til dæmis boðið Eagles að æfa í þrjá daga áður en tónleikaferðin þeirra hófst og því létu þeir slag standa. Timberlake vildi sjálfur ljúka túrnum hér á landi og Bieber vildi sérstaklega koma til landsins.

Núna erum við meðal annars í samstarfi með umsvifamiklum tónleikahöldurum sem halda tónleika í Norður-Evrópu en eru ekki með starfsemi á Íslandi. Þeir spyrja því hvort við höfum áhuga á að halda ýmsa tónleika hér á landi til að þeir geti boðið tónlistarmönnum upp á enn stærri túr. En það er dýrara að halda tónleika hér en annars staðar. Við höfum misst af tónleikum jafnvel þótt við höfum boðið betur en gert var í Danmörku því það er mun ódýrara að keyra trukk til Kaupmannahafnar sem hluta af tónleikaferðalagi en að fljúga hingað til Íslands með allan búnaðinn. Og það getur verið erfitt að finna hótel á eðlilegum kjörum á sumrin.“

**Fjárfest í CP Reykjavík**

Jón Diðrik segir að Sena gangi vel. „Nú bætum við öðrum þekkingargeira við með samstarfi og fjárfestingu í CP Reykjavík. Þar eru frábærir aðilar eins og Lára, Marín, Anna og Sirrý, sem hafa gert frábæra hluti í ráðstefnum, hvataferðum og viðburðum. Það er mikil rekstrarleg samlegð en tækifæri fyrir þær að nýta sína krafta til að vinna enn betur með sínum viðskiptamönnum í gegnum samstarf við Senu og Senu Live í grunnrekstri.“

# Meirihluti afkomu verði utan Íslands

Jón Diðrik hefur verið stjórnarformaður Skeljungs frá árinu 2014 og á um 1% hlut í fyrirtækinu. „Skeljungur hefur verið skemmtilegt verkefni. Stefnan er skýr og stjórnendateymið öflugt. Reksturinn gengur vel en það hefur tekið mörg ár að ná þeim árangri. Fyrsta verkefni nýrra eigenda var að ná tökum á kostnaði fyrirtækisins og samþætta reksturinn við starfsemina í Færeyjum auk þess að skrá fyrirtækið á markað. En okkur hefur tekist að lækka rekstrarkostnað Skeljungs mikið þrátt fyrir launahækkanir og á sama tíma fjárfest í öryggi og gæðum. Nú þegar fyrirtækið er orðið einfaldara og skilvirkara verður lögð áhersla á þróunarstarf og sókn á nýja markaði, nokkuð sem við erum búin að vera að undirbúa í mörg ár.“

Jón Diðrik segir að stefnt sé á að sækja áfram fram á Norður-Atlantshafi, sem sé vaxandi markaður, og að vöxturinn í nánustu framtíð verði mestur þar og í kringum nýja orkugjafa í Færeyjum.

„Mín framtíðarsýn er að meirihluti afkomu Skeljungs verði utan Íslands en stór hluti tekna er nú þegar erlendis og vona ég að fyrirtækið verði fyrir vikið áhugaverðara í augum erlendra fjárfesta í framtíðinni enda þjónustufyrirtæki á Norður-Atlantshafi,“ segir hann.

Talið berst að því að horfur eru á að bílar hætti með tíð og tíma að brenna eldsneyti. „Það verður farin blönduð leið að okkar áliti. Þetta verður ekki eins og með VHS-spólurnar og Beta þegar einungis önnur tæknin stóð uppi með pálmann í höndunum. Skeljungur veðjar á að bílar verði einnig knúnir áfram af vetni og mun hafa opnað þrjár vetnisstöðvar um



Með auknum umsvifum erlendis vonast Jón Diðrik til þess að Skeljungur verði áhugaverðari kostur í augum erlendra fjárfesta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áramót. Vetni mun henta betur fyrir stærri bíla og stærri flutninga. Sá orkugjafi er góður geymslukostur fyrir rafmagn. Það væri auk þess afar kostnaðarsamt varðandi uppbyggingu innviða ef öll ökutæki yrðu knúin áfram af rafmagni. Vetni, metan og rafmagn eru allt innlendir orkugjafar sem vonandi hafa allir hver sitt hlutverk,“ segir hann.

**Fasteignaþróun fari vaxandi**

Jón Diðrik vekur athygli á því að með breyttum orkugjöfum fyrir bíla muni bensínstöðvum að öllum líkindum fækka. Annað væri óhagkvæmt. „Fyrir utan sókn á Norður-Atlantshafi og tengda orkugjafa í Færeyjum mun æ stærri hluti af umsvifum fyrirtækisins í framtíðinni tengjast fasteignaþróun á fyrrverandi bensínstöðvum sem ganga munu í endurnýjun lífdaga.“

*Þú ert einn fárra stjórnarmanna í skráðum fyrirtækjum sem hafa fjárfest myndarlega í viðkomandi fyrirtæki. Hvernig horfir það við þér?*

„Ég vel yfirleitt þrjú verkefni til að sinna á hverjum tíma,“ segir Jón Diðrik sem er stjórnarformaður og fjárfestir í Hótel Húsafelli og tengdri starfsemi auk fyrrnefndra fyrirtækja. „Þá er eðlilegt að eiga eitthvað undir sjálfur því ég er svo heppinn að vera í þeirri stöðu að geta það. Það er hins vegar áhyggjuefni hvað það eru mörg fyrirtæki á hlutabréfamarkaði þar sem krafta einkafjárfesta nýtur ekki við.

Það sem ég óttast mest er að umhverfi stjórna stýrist af því að gera ekki mistök. Við þær aðstæður er auðveldast að gera ekki neitt. Þá skapast sú hætta að stjórnin ráðist ekki í þær breytingar sem eru nauðsynlegar. Rekstur fyrirtækisins mun líða fyrir það þegar fram í sækir. Að þessu sögðu hef ég verið svo heppinn með samstarfsfólk í stjórn Skeljungs að það hefur viljað taka þátt í breytingunum, ólíkir einstaklingar með fjölbreytta reynslu auk þess að vera gott og skemmtilegt fólk.“

# Engar olíulækkanir í spákortunum

**Greinendur búast við því að heimsmarkaðsverð á olíu haldist yfir 80 dölum á fatið á næstu mánuðum. Viðskiptaþvinganir Bandaríkjastjórnar gegn Írönum munu minnka verulega framboð á olíu frá Íran. OPEC-ríkjunum ekki tekist að vega á móti framboðsskortinum.**

Ef stærstu olíuframleiðsluríkjum heims mistekst að bæta upp þverrandi olíuframleiðslu í Venesúela og Íran gæti skortur á framboði leitt til þess að heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu hækki vel yfir 80 dali á fatið, að mati sérfræðinga Alþjóðaorkumálastofnunarinnar.

Þeir benda á að þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir olíu á heimsvísu sé með öllu óvíst hvort ríki innan OPEC, samtaka olíuútflutningsþjóða, sem og ríki sem standa þar fyrir utan, eins og Rússland, geti annað eftirspurninni með því að auka olíuframleiðslu sína. „Við erum að ganga í gegnum afar örlagaríkt tímabil,“ segir í nýlegri mánaðarskýrslu stofnunarinnar. Verð á Brent-hráolíu fór í síðustu viku yfir 80 dali á fatið í fyrsta sinn frá því í apríl. Nálgast olíuverð nú fjögurra ára hámark og telja greinendur líkur standa til þess að verðið haldi áfram að hækka næstu mánuði og haldist jafnvel nokkuð yfir 80 dölunum.

Hækkanir síðustu mánaða stafa aðallega af þeirri ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta að draga Bandaríkin út úr kjarnorkusamningnum sem ríkið, ásamt Frökkum, Bretum, Rússum, Kínverjum, Þjóðverjum og Evrópusambandinu, gerði við Írani árið 2015. „Staðan í Íran er ráðandi þáttur í verðþróuninni,“ segir Helima Croft, greinandi hjá Royal Bank of Canada, í samtali við Financial Times.

Í samningnum umrædda fólst að Íranir takmörkuðu kjarnorkuframleiðslu sína gegn því að heimsveldin felldu niður refsiaðgerðir sínar gegn þeim. Viðskiptaþvinganir Bandaríkjastjórnar gagnvart Íran taka gildi á ný í nóvember og verða afleiðingarnar líkast til þær að olíuframleiðsla ríkisins mun dragast verulega saman, með tilheyrandi smitáhrifum á alþjóðlega olíumarkaði. Olíuútflutningur Írana hefur þegar dregist saman um 500 þúsund föt á dag frá því í maí en ekki þykir ólíklegt að útflutningurinn muni að endingu minnka í eina milljón fata á dag. Til samanburðar hefur Íran á síðustu misserum framleitt hátt í fjórar milljónir olíufata á dag eða um fjögur prósent af allri olíu á heimsmarkaði.

**Skapar „mikla óvissu“**

Talið er að flest fyrirtæki, sér í lagi í Bandaríkjunum og Evrópu, muni hlíta viðskiptaþvingunum Bandaríkjastjórnar og hætta viðskiptum við Íran af ótta við að missa annars dýrmætan aðgang að Bandaríkjamarkaði og bandarísku fé. Hins vegar er óvíst til hvaða bragðs önnur ríki kunna að taka. Alexander Novak, orkumálaráðherra Rússlands, varaði þannig við því í síðustu viku að refsiaðgerðir Bandaríkjanna myndu skapa „mikla óvissu“ á mörkuðum á meðan ekki lægi ljóst fyrir hvaða ríki hefðu í hyggju að hlíta kröfum Bandaríkjanna.

Suðurkóresk fyrirtæki hafa til dæmis þegar hætt að kaupa íranska olíu og þá hafa fyrirtæki á Indlandi og í Kína dregið úr kaupum sínum undanfarið, þvert gegn yfirlýsingum ráðamanna ríkjanna um annað. Fréttaskýrandi Financial Times bendir á að þó svo að Sádi-Arabar og bandamenn þeirra bæði innan og utan OPEC, eins og til dæmis Rússar, hafi heitið því að auka framboð á olíu á heimsmarkaði hafi aukningin hingað til verið „mun minni“ en búist var við.

Trump hefur einnig lagt orð í belg og hvatt stærstu olíuríki heims til þess að auka við framleiðslu sína, og þannig vega á móti minni framleiðslu í Íran, en ákall forsetans hefur litlu skilað. Stjórnmálagreinendur telja að hátt olíuverð geti komið forsetanum í koll í þingkosningum sem fara fram í landinu í nóvember en í því sambandi hefur verið bent á að um tíu prósenta lækkun á heimsmarkaðsverði geti sparað bandarískum neytendum á bilinu 38 til 76 milljarða dala á ári.

Í fréttaskýringu Financial Times er einnig tekið fram að olíuframleiðsla í Bandaríkjunum hafi aukist hægar en almennt hafði verið gert ráð fyrir. Það hafi átt þátt í hækkununum á hráolíuverði.

Vinnsla á olíu og jarðgasi hefur sem kunnugt er tekið kipp í landinu á síðustu árum, þökk sé nýrri beitingu gamallar aðferðar sem felst í svonefndu vökvabroti (e. fracking), og er nú svo komið að Bandaríkin eru að nálgast að vera sjálfum sér næg um orkugjafa. Vísbendingar eru þó um að hægst hafi á framleiðsluvextinum en þannig spáir bandaríska orkumálaráðuneytið því nú að olíuframboð landsins aukist um 840 þúsund föt á dag en til samanburðar var áður búist við vexti upp á eina milljón fata á dag.

Ein ástæða þess að OPEC-ríkin hafa ekki aukið framleiðslu sína, þvert á væntingar, er óvissa um áætlaða olíunotkun í heiminum á næstu misserum, sér í lagi ef hægist á vexti heimshagkerfisins.

„Krefjandi áskoranir í sumum nýmarkaðs- og þróunarríkjum valda því að horfur eru á minni vexti í heimshagkerfinu,“ sagði í nýlegri skýrslu OPEC. „Aukin spenna í viðskiptum og hertari peningastefna, samhliða vaxandi skuldasöfnun í heiminum, eru jafnframt áhyggjuefni.“ kristinningi@frettabladid.is



Viðskiptadeilur Bandaríkjanna og Kína gætu dregið úr eftirspurn eftir olíu til lengri tíma litið. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bitnar hart á flugfélögunum

Hækkandi olíuverð hefur bitnað hart á Icelandair og WOW air, líkt og öðrum flugfélögum, á undanförnum mánuðum. Verð á þotueldsneyti hefur enda hækkað um allt að helming á ríflega einu ári en eldsneytiskostnaður er jafnan næststærsti kostnaðarliður flugfélaga.

Flugfélögum hefur ekki tekist að mæta olíuverðshækkununum með því að hækka flugfargjöld, líkt og vonir þeirra stóðu til, og hefur það leitt til þess að olíukostnaður sem hlutfall af tekjum félaganna hefur aukist umtalsvert á stuttum tíma. Þannig nam kostnaðurinn um 25 prósentum af heildartekjum WOW air í fyrra en sambærilegt hlutfall hjá Icelandair var um 17 prósent. Hefur hlutfallið hækkað enn meira á þessu ári.

WOW air er berskjaldaðra en Icelandair gagnvart olíuverðshækkunum enda ver félagið ekki eldsneytiskaup sín fyrir sveiflum í olíuverði. Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, sagði þó í samtali við Financial Times fyrr í vikunni að félagið hefði ákveðið að taka eldsneytisstefnu sína til endurskoðunar.

# Fátt betra en hljóð stund í garðinum með mold undir nöglunum

## Svipmynd

**Gunnar Steinn Magnússon**

Eva Dögg Guðmundsdóttir var ráðin markaðsstjóri Creditinfo í vor en hún hefur víðtæka reynslu af markaðsmálum. Eva segir að ein helsta áskorunin í starfinu sé að finna jafnvægið á milli þess að beita rökhugsun og að hlusta á innsæið.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég á stóra fjölskyldu og heimilið er sprellifandi og fjörugt. Ég nýt þess að vera með börnunum en á sama tíma veit ég fátt betra en að eiga hljóða stund í garðinum og fá mold undir neglurnar. Ég á fimm börn og mikið af pottaplöntum sem ég hef mikla unun af að fylgjast með og sjá vaxa og dafna. Það er mér líka mikilvægt að ferðast og víkka sjóndeildarhringinn. Ég byrjaði að ferðast mikið í menntaskóla og flutti út strax eftir stúdentspróf. Þannig að þó ég búi á Íslandi í dag og ali börnin mín upp hér þarf ég á stærri heimi að halda.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Hún er svolítið mismunandi. Þegar börnin á heimilinu eru fimm snýst allt um að koma þeim af stað. Þegar þeir eru hins vegar bara tveir eru lætin aðeins minni. Ég er þó með eina reglu. Þegar morgnarnir eru hvað hektískastir heima fyrir og stórir dagar fram undan í vinnunni reyni ég að stoppa á leiðinni í vinnuna og kaupa mér góðan kaffibolla og eitthvað með honum og jarðtengja aðeins áður en ég byrja daginn.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*

Ég sótti frábæran fund hjá Íslandsbanka á vegum Nordic Finance Innovation.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Ég er mikill bókaormur en næ ekki að lesa eins mikið og mig langar í augnablikinu. Ég er með nokkrar góðar í gangi, The Ministry of Utmost Happiness eftir Arundhati Roy er á náttborðinu og byrjar mjög vel. Power eftir Naomi Alderman sömuleiðis. Ég er líka með bækurnar How Not to Be Wrong – The Power of Mathematical Thinking eftir Jordan Ellenberg og Happiness eftir heimspekinginn Frédéric Lenoir á leslistanum. Þær bíða þolinmóðar eftir mér í bókahillunni heima.

Annars hef ég gripið til þess ráðs að lesa meira af ljóðum þegar tíminn er af skornum skammti og á mér eitt uppáhalds, sem ég las einmitt í síðustu viku, eftir Margaret Atwood – Half Hanged Mary.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Að ná að hlusta á innsæið. Jafnvægið í að beita rökhugsun án þess að kæfa innsæið.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Sennilega að velja rétt og hafa úthald til að fylgja því vali eftir. Það er mikið umbreytingatímabil í gangi í fjármálaheiminum og því fjölmörg tækifæri sem bjóðast. Það þarf að hafa kjark til að velja þau tækifæri sem vinna á áfram með og fylgja þeim eftir.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Creditinfo á næstu árum?*

Við eins og aðrir þurfum að velja rétt og taka góðar ákvarðanir. Creditinfo Group er með starfsemi í fjórum heimsálfum og þökk sé gögnum og lausnum frá okkur hefur um 1 milljarður einstaklinga og fyrirtækja aðgang að lánsfé. Opnun nýrra markaða og umbreytingartímabilið sem er í fullum gangi hefur verið hluti af árangri félagsins en við þurfum líka að segja nei við einhverjum tækifærum sem bjóðast og skerpa fókusinn enn frekar.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Mig hefur alltaf langað til að geta skrifað. Eða málað ... Ég ætlaði líka alltaf að verða læknir eða lögfræðingur og einkaspæjari. Væri til í þetta allt saman! Svo á ég mér draum um að fara einhvern tímann í doktorsnám í stærðfræði og heimspeki. Ætla mér að róa öllum árum að því að láta hann rætast í einhverri mynd.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Ég sé mig eiginlega fyrir mér á sama stað eftir tíu ár. Á þeim tíma verður morgunrútínan samt aðeins önnur, pottablómin fleiri og bækurnar sem bíða á bókahillunni orðnar aðrar. Ég er forvitin og geri mikla kröfu um að ég læri eitthvað alls staðar sem ég kem. Hlakka til að sjá hvert það leiðir mig á tíu árum.



Eva Dögg Guðmundsdóttir markaðsstjóri segir mikið umbreytingatímabil í gangi í fjármálaheiminum og í því felist fjölmörg tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Helstu drættir

**Nám**

- Diploma í markaðshagfræði og frumkvöðlafræði frá Niels Brock í Kaupmannahöfn. Stúdentspróf af náttúrufræðibraut I frá Menntaskólanum í Reykjavík.

**Störf**

- Country Manager á almannatengslastofunni Spalt í Kaupmannahöfn 2003-2005.
- Rekstrarstjóri i8 gallerís frá 2005 til 2006.
- Markaðsstjóri Landsbankans frá 2006 til 2012.
- Framkvæmdastjóri og einn eigenda hönnunarstofunnar Döðlur frá 2012 til 2013.
- Key Account Manager hjá Jónsson & Le'Macks frá 2013 til 2016.
- Business Development og Partnership Management hjá Plain Vanilla / QuizUp árið 2014.
- Verkefnastjóri í markaðsdeild Marel frá 2017 til 2018.
- Markaðsstjóri Creditinfo frá apríl 2018.

**Fjölskylduhagir**

- Í sambúð með Ingva Þór Guðmundssyni, sérfræðingi í vöruþróun hjá Icelandair. Eigum samanlagt fimm börn á aldrinum 3 til 12 ára.

HAFNARTORG
REYKJAVÍK

# Nútíma þægindi í hæsta gæðaflokki

## Á besta stað í höfuðborginni

Hafnartorg skartar 70 hágæða íbúðum, allt frá stílhreinum tveggja herbergja íbúðum upp í stórglæsilegar þakíbúðir með einstöku útsýni. Allar innréttingar og tæki eru sérvaldar af innanhúsarkitekt til að mynda eina stílhreina heild og eru öll tæki og tæknibúnaður fyrsta flokks. Allt ytra efnisval bygginganna er í hæsta gæðaflokki sem og allur lóðarfrágangur. Undir húsunum er stærsti bílakjallari landsins sem nær allt til Hörpunnar. Íbúðirnar eru frábærlega staðsettar í nálægð við menningu, sögu, verslun og þjónustu. Glæsilegar fasteignir í hjarta Reykjavíkur með iðandi mannlíf allt um kring.









HAFNARTORG.IS

## Skotsilfur

### Ótraust bakland



Forkólfar í verkalýðshreyfingunni á borð við **Ragnar Þór Ingólfsson,** formann VR, hafa verið fullyrðingaglaðir um komandi kjaraviðræður. Í orðræðunni er gjarnan dregin upp sú mynd að öll hreyfingin standi þétt við bak þeirra en eins og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins benti á í samtali við Morgunblaðið í vikunni er eftirtektarvert að níu af hverjum tíu félagsmönnum VR hafi ekki tekið þátt í könnun VR sem var framkvæmd til að búa félagið undir viðræðurnar í vetur. Baklandið virðist ekki jafn traust og gefið er í skyn.

### Blóðug átök?



Það vakti minni athygli en ætla mætti þegar einn verkalýðsleiðtoganna, **Vilhjálmur Birgisson,** sagði íslensku verkafólki að búa sig undir „blóðug átök“ þegar kjarasamningar losna. Þetta sagði hann eftir að hafa frétt af fyrirhuguðu kaupaukakerfi N1. Ný könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins sýnir hins vegar að mun fleiri landsmenn séu hlynntir en andvígir kjarasamningum þar sem lögð er meiri áhersla á stöðugt verðlag en launahækkanir. Það gefur tilefni til að spyrja hvort verkalýðsleiðtogarnir hafi misst tengingu við hinn almenna félagsmann.

### Kapallinn gekk upp



**Guðmundur Kristjánsson,** oftast kenndur við útgerðina Brim, tefldi djarft þegar Brim keypti meira en þriðjungshlut í HB Granda fyrir 24 milljarða í byrjun sumars. Yfirtökuskyldan sem myndaðist í kjölfarið skapaði hættu á að bitinn yrði honum of stór. Nú er mál manna að eftir söluna á þriðjungshlut í Vinnslustöðinni í gær og söluna á Ögurvík í þarsíðustu viku hafi Guðmundur náð að klára kapalinn sem hann lagði við kaupin stóru. Brim, sem nú heitir Útgerðarfélag Reykjavíkur, fékk samtals 21,7 milljarða króna í sinn hlut.

## Kolaiðnaður Þýskalands lagður niður í skrefum



**Þýskaland** Stórvirkar gröfur grafa eftir surtarbrandi í Tagebau Garzweiler-námunni í vesturhluta Þýskalands. Hin svokallaða Kolanefnd kom saman í Berlín í gær í því skyni að móta áætlun fyrir lok þessa árs sem miðar að því að leggja kolaframleiðslu Þýskalands smám saman niður en jafnframt að draga úr því mikla hagræna tjóni sem kolasvæði landsins standa frammi fyrir ef áætlunin gengur eftir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sæhrímnir og íslenskur fjármálamarkaður



**Katrín Júlíusdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Sæhrímnir heitir gölturinn sem einherjar og æsir í Valhöll hafa sér til matar. Honum er slátrað á hverjum degi en er alltaf heill að kvöldi og aldrei er svo mikill mannfjöldi í Valhöll, að þeim endist ekki flesk galtarins. Stundum hvarflar það að manni að stjórnmálamenn og álitsgjafar gangi út frá því sem vísu að íslensk fjármálafyrirtæki búi yfir sömu eiginleikum og hinn goðsagnakenndi göltur: Þau geti borið allar þær byrðar sem á þau eru lagðar án þess að það hafi nokkur áhrif á getu þeirra til að sinna hlutverki sínu í hagkerfinu. Það er fjarri lagi.

Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) hafa verið að greiða um 35 til 40 milljarða króna í opinber gjöld á ári hverju undanfarið en samanlagt greiðir fjármálageirinn um 50 milljarða til ríkisins. Í skýrslu fjármála- og efnahagsmálaráðherra um skatttekjur, skattrannsóknir og skatteftirlit sem lögð var fyrir 147. löggjafarþing er þróun opinberra gjalda lögaðila skipt eftir atvinnugreinaflokkum borin saman. Þar sést að fyrirtæki í fjármála- og vátryggingastarfsemi bera langþyngstu byrðarnar þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda en þau borga tæplega þriðjung allra opinberra gjalda hér á landi. Í raun er hlutfallið enn hærra þegar hlutur hins opinbera er tekinn úr jöfnunni.

**Hæsta framlagið**

Framlag fjármálafyrirtækja hefur þannig aukist verulega þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda og skattheimtu. Hefur heildarhlutur fjármála- og vátryggingafyrirtækja þegar kemur að greiðslu opinberra gjalda aukist um 233% frá árinu 2010. Til þess að varpa ljósi á þá staðreynd að þessi aukning er ekki tilkomin vegna aukinna umsvifa heldur vegna aukningar á álögum má benda á þróun tekjuskattsstofnsins. Hann hefur þannig aðeins aukist um 79% frá árinu 2010 hjá fjármála- og vátryggingafyrirtækjum.

Þessi skattheimta er meðal annars tilkomin vegna fjölda sérskatta sem eru lagðir á aðildarfélög SFF og eru ekki tekjutengdir. Af ótekjutengdum sköttum er bankaskatturinn svokallaði þungbærastur. Bankaskatturinn er íþyngjandi skattur sem skaðar hagsmuni viðskiptavina einnar tegundar lánafyrirtækja og grefur undan hagsmunum ríkisins sem stærsta eiganda fjármálakerfisins. Sökum þessa er brýnt að afnema skattinn í stað þess að lækka hann í áföngum á árunum 2020 til 2023 í upphaflegt hlutfall. Afnám skattsins væri skilvirk leið fyrir stjórnvöld til þessa ná niður vaxtastiginu sem heimilum og fyrirtækjum stendur til boða í bankakerfinu. Sjái stjórnvöld sér ekki fært að afnema skattinn er eðlileg krafa að hann verði lagður á alla þá sem stunda útlánastarfsemi til þess að jafna þau kjör sem ólíkum einstaklingum og heimilum stendur til boða á lánamarkaði.

**Ójöfn samkeppni**

Þetta óheilbrigða samkeppnisumhverfi hefur haft verulegar afleiðingar á lánamarkaði. Hin þunga sókn lífeyrissjóða inn á fasteignalánamarkaðinn hófst af fullum þunga eftir að bankaskatturinn var hækkaður. Lífeyrissjóðir greiða hvorki bankaskatt né tekjuskatt og geta því boðið hagstæðari kjör en bankarnir. Þau kjör standa ekki öllum til boða þar sem hámark veðsetningar er lægra hjá lífeyrissjóðum en bönkum. Þetta þýðir með öðrum orðum að hinum eignamestu standa til boða hagstæðari kjör lífeyrissjóða sem ekki þurfa að greiða bankaskatt á meðan hinir eignaminni og fyrstu kaupendur þurfa í raun að bera bankaskattinn.

Í aðdraganda kjarasamninga hefur nokkuð verið rætt um mikilvægi þess að ná niður vaxtastiginu og þar af leiðandi fjármagnskostnaði heimila og fyrirtækja. Ein leið til þess væri að fella niður bankaskattinn og ráðast í endurskoðun á skattastefnu stjórnvalda gagnvart fjármálafyrirtækjum.

# Lögleiðing hópfjármögnunar með sölu hlutabréfa



**Baldur Thorlacius**
viðskiptastjóri Nasdaq Iceland

Fyrir um tveimur árum var gerð afar mikilvæg breyting á reglum um sölu verðbréfa til almennings, svokölluð almenn útboð, sem fáir hafa nýtt sér og furðu lítið hefur farið fyrir. Kalla mætti almenn útboð eins konar hópfjármögnun með sölu verðbréfa.

Breytingin fól í sér að undanþágur frá kröfum sem gilda að jafnaði um almenn útboð, svo sem varðandi aðkomu fjármálafyrirtækis og gerð svokallaðrar lýsingar, voru rýmkaðar til muna. Umræddar kröfur eru til þess fallnar að hækka kostnað við almenn útboð að svo miklu leyti að smærri fyrirtæki, sem segja má að geti haft mestan hag af slíkri fjármögnun, voru því sem næst útilokuð frá því að nýta sér þennan möguleika án undanþágu.

Áður fyrr áttu umræddar undanþáguheimildir einungis við ef fjárhæð þess sem aflað var í útboði var undir 100 þúsundum evra, jafnvirði um 12,8 milljóna íslenskra króna miðað við núverandi gengi. Var sú fjárhæð talin það lág að hún gæti tæplega gagnast neinum. Með áðurnefndum breytingum var fjárhæðin hækkuð í tvær og hálfa milljón evra, jafnvirði 320 milljóna króna, sem gjörbreytir þeirri stöðu.

> **Hópfjármögnun með sölu hlutabréfa er nú orðin að raunhæfum kosti við fjármögnun smærri fyrirtækja.**

Höfundur bókarinnar „Equity Crowdfunding: The Complete Guide for Startups and Growing Companies“ hefur gengið svo langt að tala um „lögleiðingu“ hópfjármögnunar með sölu hlutabréfa (e. legalization of equity crowdfunding) þegar hann ræðir samsvarandi breytingar á regluverki annarra Evrópuþjóða, sem voru í flestum tilfellum gerðar talsvert fyrr. Endurspeglar þetta orðalag þá staðreynd að hópfjármögnun með sölu hlutabréfa er nú orðin að raunhæfum kosti við fjármögnun smærri fyrirtækja, svo sem í tengslum við skráningu þeirra á First North markaðinn.

Það er því full ástæða til að vekja enn og aftur athygli á þessum möguleika.

# Vissir þú að…

## … Oddi býður upp á yfir **230 tegundir** af pappakössum?

Þú hefðir kannski varla trúað því að til væru svo margar tegundir af pappakössum, en kassarnir eru notaðir undir margvíslegar vörur, við margvíslegar aðstæður og stýrir það valinu. Hversu mikið þarf burðarþolið að vera? Eiga þeir að vera höggþolnir? Rakaþolnir? Fyrir vélpökkun?

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Áratuga þekking okkar og reynsla tryggja þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum. Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.



**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000** **www.oddi.is**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 19. september 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Félag Péturs í Eykt hagnast um 2,2 milljarða



Mókollur, félag Péturs Guðmundssonar, hagnaðist um rúma 2,2 milljarða króna á árinu 2017 en það er þriðjungi meiri hagnaður en árið á undan. Mestu munar um matsbreytingu fasteigna sem var 1,4 milljarðar á síðasta ári en um 750 milljónir árið 2016.

Mókollur er fjárfestingarfélag sem er að fullu í eigu Péturs og fjárfestir einkum í félögum tengdum byggingariðnaði og fasteignarekstri. Innan samstæðunnar eru sautján félög, þar á meðal byggingarverktakinn Eykt.

Verðmætasta eign Mókolls er hótelbyggingin við Höfðatorg sem er bókfærð á átta milljarða. Þá er skrifstofuhúsnæðið við Höfðatorg sem hýsir skrifstofur Reykjavíkurborgar bókfært á 4,2 milljarða króna og atvinnuhúsnæðið að Fosshálsi 25 á 2,3 milljarða. Alls nema eignir Mókolls rúmum 30 milljörðum króna og eigið féð 11,7 milljörðum. Pétur bætti nýlega við hlut sinn í Steypustöðinni. Hann keypti 40 prósent og jók þannig hlut sinn upp í 90 prósent. – **tfh**

**13.09.2018**

**Vinnslustöðin veiðir lítið á sínum skipum. Þeir lifa á því að leigja kvótann og reksturinn er subbulegur eins og komið hefur í ljós.**



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og stærsti hluthafi HB Granda

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Einkennileg heimssýn

**Langþráð** fréttatilkynning af skuldafjárútboði WOW air barst loks í gær. Félaginu tókst að loka 50 milljóna evra útgáfu og hyggur á útgáfu 10 milljóna evra til viðbótar. Til lengri tíma er ætlunin að skrá félagið samhliða á hlutabréfamarkaði hér heima og í Noregi. Ef framtíðarfjármögnun WOW er þar með tryggð eru það auðvitað gleðitíðindi fyrir Ísland og íslenska markaðinn. WOW flytur þriðja hvern farþega til landsins, og er stór atvinnurekandi. Þá er ekki minnst á alla þá sem eiga störf sín og starfsöryggi undir því að ferðamenn skili sér til landsins. Afleidd störf skipta sennilega tugum þúsunda.

**Fall WOW** eða Icelandair hefði því samkvæmt öllum mælikvörðum getað haft mikil bein áhrif á efnahagsástandið á Íslandi og lífsgæði þúsunda. Er því ekki nema von að fjölmiðlar hafi fylgst náið með málinu. Fréttablaðið var leiðandi í þessari umfjöllun alla síðustu viku og má segja að gengi hlutabréfa og gjaldmiðils hafi sveiflast í takt við forsíður að morgni. Morgunblaðið gerði málinu sömuleiðis góð skil. Auðvitað er það svo að í viðkvæmum og mikilvægum málum orkar ýmislegt tvímælis. Svo virðist hins vegar í þessu máli sem miðlarnir hafi farið rétt með í öllum meginatriðum.

**Því skaut** það nokkuð skökku við að sjá reyndan fjölmiðlamann af ríkismiðlinum slá því fram á Twitter að svo virtist sem stóru blöðin tvö hefðu skipað sér í lið þegar kemur að umfjöllun um málefni flugfélaganna. Ekki var það reyndar rökstutt nánar hvað fjölmiðlamaðurinn átti við. Hins vegar lýsir þessi athugasemd einkennilegri heimssýn. Er óhugsandi að blaðamönnunum hafi hreinlega gengið það eitt til að flytja fréttir af máli sem sannarlega átti erindi við almenning, og segja satt og rétt frá? Að minnsta kosti tókst fjölmiðlamanninum ekki að benda á nein ósannindi eða ónákvæmni í fréttaflutningi. Kannski veitir staðhæfingin einfaldlega innsýn í vinnustaðamenninguna á RÚV, þar skipi fólk sér í fylkingar áður en umfjöllun hefst?

**Hvað sem** slíkum bollaleggingum líður er að minnsta kosti ljóst að RÚV var ekki í neinu liði þegar kom að umfjöllun um málefni flugfélaganna, enda hafði stofnunin ekkert til málanna að leggja annað en endurtekningar á því sem áður kom fram í þeim fjölmiðlum sem lögðu sig fram um að kynna sér málið.





*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur



## Fasteignir







Falleg tæplega 200 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi
Fjögur svefnherbergi
Stórar stofur og útgengt á sólpall í suður
Tvö bílastæði á lóð
Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega



Nánari upplýsingar veitir:
Þröstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634

Verð: 64,9 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Skemmtanir


KOMIÐ OG DANSIÐ! KOMIÐ OG DANSIÐ! KOMIÐ OG DANSIÐ! KOMIÐ OG DANSIÐ!

**Dans og tónlistarveisla**
**á Spáni 11. – 25.október 2018.**

**KOM og DANS** í Noregi stendur fyrir dansnámskeiðum og dansleikjum með þekktum sænskum sveiflu-hljómsveitum á Hotel Diamante Beach á Calpe 11. – 25.október n.k.

- Flug til Alicante 9. eða 14. október.
- Flug heim 23. eða 26. október.
- Val um hálft eða fullt fæði.
- Flott tækifæri fyrir íslenska tjúttara og einnig fyrir þá sem ekki hafa dansað.
- Hressilegur sumarauki á góðu hóteli með hálfu eða fullu fæði á góðu verði og í góðum félagsskap.

**Nokkur sæti laus.**

**Nánari upplýsingar gefa Karl í síma 8979438 og Bjarni Rúnar í síma 8633086**

20.SEPTEMBER KL. 17:00 - 21:00

GLAMOUR | SMÁRALIND
#GLAMOURxSMÁRALIND

Láttu sjá þig á Glamourkvöldi í Smáralind á morgun!

VIÐ FÖGNUM HAUSTINU FRÁ KL. 17:00 TIL 21:00.

Fyrstu 150 gestirnir fá veglega gjafapoka frá Glamour og Smáralind!

Allt það nýjasta í tísku, förðun og heilsu kynnt á göngugötunni - tilboð í verslunum, Sigga Kling les í stjörnurnar fyrir gesti og gangandi, DJ Vala og Egill Spegill halda uppi fjörinu, helstu dragdrottningar- og kóngar landsins mæta í allri sinni dýrð, DanceCenter Reykjavík kenna gestum réttu sporin, girnilegar veitingar í boði frá Valor súkkulaði, Gordon's, Baileys, Hámark og margt margt fleira!

Instagramleikur: Heppinn gestur getur unnið gjafakort í Smáralind með því að merkja mynd á Instagram #glamourxsmaralind

Sjáumst í Smáralind!


## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Launrétt 1 í Laugarási.**
   Kynnt er matslýsing vegna breytingar á lóðinni Launrétt 1 . landnr. 167386 í Laugarási. Breytingin felst í að lóðin breytist úr reit merktur samfélagsþjónusta í verslunar- og þjónustusvæði þannig að heimilt verði að veita rekstrarleyfi fyrir gistingu.

2. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, frístundasvæði merkt F63, Torfastaðaheiði 1. og 2. áfangi.**
   Kynnt er matslýsing vegna breytingar á frístundasvæðið Torfastaðaheiði, áfangi 1 og 2, sem í aðalskipulagi er merkt F63, þannig að heimila megi rekstrarleyfi í fl. II skv. reglugerð 1277/2016 gr 25 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Byggðin verði því að meginhluta frístundabyggð en með viðauka sem verslunar- og þjónustusvæði.

3. **Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Jarðstengslögn, Selfosslína 2/Lækjartúnslína 2 og tengivirki í landi Lækjartúns.**
   Kynnt er lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps sem felur í sér að sett er inn allt að 3 ha iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir jarðstreng í hennar stað. Lagnaleið innan Ásahrepps er um 10 km löng.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

4. **Deiliskipulag fyrir Vatnsholt 2 L166398, Hrútsholt, í Flóahreppi.**
   Kynnt er lýsing á deiliskipulagi fyrir Vatnsholt 2, Hrútsholt, þar sem gert er ráð fyrir 10-15 íbúðarhúsalóðum af stærðinni 5.820m2 og 6.154m2 þar sem heimilt verður að byggja allt að 350 m2 íbúðarhús og allt að 100m2 útihús. Einnig eru skilgreindir tveir byggingarreitir fyrir annarsvegar íbúðarhús og geymslu/bílskúr, byggingarreitur 1, og hins vegar hesthús og geymslu/skemmu, byggingarreitur 2.

5. **Deiliskipulag fyrir Lækjartún í Ásahreppi.**
   Kynnt er lýsing á deiliskipulagi fyrir Lækjartún í Ásahreppi en á landinu áformar Landsnet hf að reisa 220 kV tengivirki norðan Suðurlandsvegar vegna jarðstrengs, Lækjartúnslína 2, sem settur verður í jörð frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Selfoss og kemur í stað Selfosslínu 2.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

6. **Deiliskipulag fyrir Efra-Sel, ferðaþjónusta. Hrunamannahreppur.**
   Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 2,8 ha svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlu**num:

7. **Deiliskipulag fyrir íbúðarhúsalóðir í landi Hófgerðis L215457 úr landi Efri-Gengnishóla í Flóahreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu í landi Hófgerðis L215457. Afmarkaðar eru nýjar íbúðarhúsalóðir, Hófgerði 1 og 2, þar sem gert er ráð fyrir allt að 120m2 íbúðarhúsi á einni hæð á hvorri lóð.

8. **Deiliskipulag fyrir Ásborgir í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Ásborgir í landi Ásgarðs þar sem landnotkun nokkurra lóða er breytt úr íbúðarhúsalóðum í lóðir fyrir gisti- og/eða veitingahús. Svæðið er skilgreint skv. núgildandi aðalskipulagi sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og svæðis fyrir verslun og þjónustu.

9. **Deiliskipulag fyrir Laufás L201664 í Ásahreppi.**
